

AUGLÝSING

um Minamatasamninginn um kvikasilfur.

Hinn 3. maí 2018 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent aðildarskjal Íslands vegna Minamatasamningsins um kvikasilfur, sem gerður var í Kumamoto 10. október 2013. Samningurinn öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 1. ágúst 2018.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 5. júlí 2021.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.**MINAMATASAMNINGURINN
UM KVIKASILFUR**

- Aðilar að þessum samningi,
- sem viðurkenna að kvikasilfur er efni sem er áhyggjuefni á heimsvísu vegna þess að það berst langar leiðir með andrúmsloftinu, vegna þrávirkni þess í umhverfinu þegar það er þangað komið af mannavöldum, vegna getu þess til að safnast fyrir í lífverum í vistkerfum og vegna verulegra neikvæðra áhrifa þess á heilbrigði manna og umhverfið,
- sem minnst ákvörðunar stjórnar Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna, 25/5 frá 20. febrúar 2009, um að hefja alþjóðlega aðgerð til að hafa stjórn á kvikasilfri á skilvirkan, árangursríkan og samræmdan hátt,
- sem minnst 221. mgr. í niðurstöðuskýrslu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, „The future we want“ (Sú framtíð sem við óskum okkur), þar sem kallað var eftir árangursríkri niðurstöðu samningaviðræðnanna um hnattrænan, lagalega bindandi gerning um kvikasilfur til að bregðast við áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið,
- sem minnst þess að á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru meginreglur Ríóyfirlýsingarinnar um umhverfi og þróun staðfestar aftur, þ.m.t. er m.a. sameiginleg en mismunandi ábyrgð, og viðurkenna aðstæður og getu hvers ríkis fyrir sig og þörf á hnattrænni aðgerð,
- sem gera sér grein fyrir áhyggjum varðandi heilbrigði, einkum í þróunarlöndum, vegna váhrifa frá kvikasilfri á viðkvæma hópa, einkum konur og börn, og með þeim á komandi kynslóðir,
- sem veita athygli sérstakri viðkvæmni vistkerfa norðurheimskautssvæðisins og samfélaga frumbyggja vegna lífmögnunar kvikasilfurs og mengunar hefðbundinna matvæla og hafa almennt séð áhyggjur af samfélögum frumbyggja að því er varðar áhrif kvikasilfurs,
- sem viðurkenna áþreifanlega reynslu vegna Minamata-sjúkdómsins, einkum alvarleg heilbrigðis- og umhverfisáhrif sem stafa af kvikasilfursmengun, og þörf til að tryggja viðeigandi meðhöndlun kvikasilfurs og koma í veg fyrir slíka atburði í framtíðinni,
- sem leggja áherslu á mikilvægi þess að byggja upp fjárstuðning, tæknistuðning, tæknilegan stuðning og stuðning við uppbyggingu á getu, einkum fyrir þróunarlönd og lönd með umbreytingarhagkerfi, til að styrkja landsbundna getu til að meðhöndla kvikasilfur og stuðla að skilvirkri framkvæmd samningsins,
- sem viðurkenna einnig aðgerðir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar til að vernda heilbrigði manna í tengslum við kvikasilfur og hlutverk viðkomandi, marghliða samninga um umhverfismál, einkum Baselsamningsins um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra og Rotterdam-samningsins um starfsreglur um fyrir fram upplýst samþykki í tengslum við tiltekin hættuleg efni og varnarefni í alþjóðaviðskiptum,
- sem viðurkenna að þessi samningur og aðrir alþjóðasamningar á sviði umhverfis og viðskipta styðja hvern annan,
- sem leggja áherslu á að engu í þessum samningi sé ætlað að hafa áhrif á réttindi og skyldur neins aðila, sem rekja má til alþjóðasamninga sem fyrir eru,
- sem hafa þann skilning að framangreindri forsendu er ekki ætlað að ákvarða stigskipun þessa samnings gagnvart öðrum alþjóðlegum gerningum,
- sem veita því athygli að ekkert í þessum samningi kemur í veg fyrir að aðili grípi til innlendra viðbótar-ráðstafana, sem eru í samræmi við ákvæði þessa samnings, í viðleitni til að vernda heilbrigði

manna og umhverfið fyrir váhrifum frá kvikasilfri í samræmi við aðrar skuldbindingar aðilans samkvæmt gildandi alþjóðalögum,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

Markmið.

Markmiðið með þessum samningi er að vernda heilbrigði manna og umhverfið fyrir losun og sleppingu kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda af mannavöldum.

2. gr.

Skilgreiningar.

Að því er varðar þennan samning:

- a) „óvélvæddur og minni háttar gullnámugróftur“: gullnámugróftur sem einstakir námumenn eða lítil fyrirtæki með takmarkaðar fjárfestingar og framleiðslu hafa með höndum,
- b) „besta, aðgengilega tækni“: sú tækni sem er skilvirkust til að koma í veg fyrir og, þar sem það er ekki mögulegt, að draga úr losun og sleppingu kvikasilfurs út í andrúmsloft, vatn og á land og áhrif slíkrar losunar og sleppingar á umhverfið í heild sinni, að teknu tilliti til efnahagslegra og tæknilegra þátta fyrir tiltekinn aðila eða tiltekna starfsstöð innan yfirráðasvæðis viðkomandi aðila. Í þessu samhengi er:
 - i. „besta“: sú sem er skilvirkust við að ná víðtækri, almennri vernd umhverfisins í heild,
 - ii. „aðgengilega“ tækni: að því er varðar tiltekinn aðila og tiltekna starfsstöð innan yfirráðasvæðis viðkomandi aðila, tækni sem hefur verið þróuð í þeim mæli að hægt sé að nota hana í viðkomandi iðnaðargeira, við skilyrði sem eru efnahagslega og tæknilega hagkvæm, að teknu tilliti til kostnaðar og ábata, óháð því hvort þessi tækni er notuð eða þróuð innan yfirráðasvæðis viðkomandi aðila, að því tilskildu að rekstraraðili starfsstöðvarinnar eigi tök á að nýta sér hana eins og umræddur aðili ákvarðar, og
 - iii. „tækni“: tækni sem er notuð, starfsvenjur og á hvaða hátt stöðvar eru hannaðar, smíðaðar, þeim haldið við, þær reknar og þeim lokað,
- c) „bestu starfsvenjur í umhverfismálum“: notkun á heppilegustu samsetningu umhverfislegra varnarráðstafana og stefnuáætlana,
- d) „kvikasilfur“: frumefnið kvikasilfur (Hg(0), CAS-nr. 7439-97-6),
- e) „kvikasilfurssamband“: hvers konar efni sem samanstendur af kvikasilfuratómum og einu eða fleiri atómum annarra frumefna sem einungis er unnt að aðskilja í mismunandi efnisþætti með efnahvörfum,
- f) „vara með viðbættu kvikasilfri“: vara eða efnisþáttur vöru sem inniheldur kvikasilfur eða kvikasilfurssamband sem var bætt við af ásetningu,
- g) „aðili“: ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu sem hefur samþykkt að vera bundin af þessum samningi og sem samningurinn hefur öðlast gildi gagnvart,
- h) „aðilar sem eru viðstaddir og greiða atkvæði“: aðilar sem eru viðstaddir og greiða atkvæði með eða á móti á fundi aðila,
- i) „námugróftur sem er fyrst og fremst eftir kvikasilfri“: námugróftur þar sem aðalefnið, sem leitað er eftir, er kvikasilfur,
- j) „svæðisstofnun um efnahagssamvinnu“: stofnun, sem fullvalda ríki á tilteknu svæði koma á fót og fengið hefur framselt vald frá aðildarríkjum sínum að því er varðar málefni sem samningur þessi gildir um, og fullt umboð, í samræmi við innri starfsreglur sínar, til að undirrita, fullgilda, staðfesta eða samþykka samninginn eða gerast aðili að honum, og
- k) „heimilud notkun“: hvers konar notkun aðila á kvikasilfri eða kvikasilfurssamböndum, sem er í samræmi við þennan samning, þ.m.t., en ekki takmarkað við, notkun sem er í samræmi við 3., 4., 5., 6. og 7. gr.

3. gr.

Upptök kvikasilfurssbirgða og viðskipti með það.

1. Að því er varðar þessa grein:

- a) tilvísanir í „kvikasilfur“ ná yfir blöndur kvikasilfurs og annarra efna, þ.m.t. kvikasilfursblendi, með kvikasilfursstyrk sem nemur a.m.k. 95% miðað við þyngd og
 - b) „kvikasilfurssambönd“: kvikasilfur(I)klóríð (einnig þekkt sem kalómel), kvikasilfur(II)oxíð, kvikasilfur(II)súlfat, kvikasilfur(II)nítrat, sinnóber og kvikasilfurssúlfíð.
2. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um:
 - a) kvikasilfur eða kvikasilfurssambönd í magni sem á að nota til rannsókna á rannsóknarstofu eða sem viðmiðunarstaðal,
 - b) snefilmagn af kvikasilfri eða kvikasilfurssamböndum, sem kemur fyrir frá náttúrunnar hendi, í vörum s.s. öðrum málmum en kvikasilfri, málmgrýti eða jarðefnum, þ.m.t. kol, eða vörum úr þessum efnum, og óviljandi snefilmagn í efnavörum, eða
 - c) vörur með viðbættu kvikasilfri.
 3. Enginn aðili skal heimila námugróft, sem er fyrst og fremst eftir kvikasilfri, sem ekki stóð yfir innan yfirráðasvæðis hans þann dag sem samningurinn tók gildi að því er varðar viðkomandi aðila.
 4. Hver aðili skal einungis heimila námugróft, sem er fyrst og fremst eftir kvikasilfri, sem stóð yfir innan yfirráðasvæðis hans þann dag sem samningurinn tók gildi að því er varðar viðkomandi aðila, í allt að 15 ár eftir þá dagsetningu. Á þessu tímabili skal einungis nota kvikasilfur úr slíkum námugreftri til framleiðslu á vörum með íbættu kvikasilfri í samræmi við 4. gr., í framleiðsluferlum í samræmi við 5. gr. eða til förgunar í samræmi við 11. gr. með notkun aðferða sem leiða ekki til endurheimtar, endurvinnslu, endurnýtingar, beinnar endurnotkunar eða annarrar notkunar.
 5. Hver aðili skal:
 - a) leitast við að auðkenna einstakar birgðir kvikasilfurs eða kvikasilfurssambanda sem fara yfir 50 tonn, sem og kvikasilfursupptök sem mynda birgðir sem fara yfir 10 tonn á ári og eru staðsettar innan yfirráðasvæðis hans,
 - b) gera ráðstafanir til að tryggja að ef aðili kemst að raun um að umframkvikasilfur frá klóralkalístöðvum sé tiltækt eftir að starfsemin er lögð niður sé þess háttar kvikasilfri fargað í samræmi við leiðbeiningar um umhverfsvæna meðhöndlun, sem um getur í a-lið 3. mgr. 11. gr., með notkun aðferða sem leiða ekki til endurheimtar, endurvinnslu, endurnýtingar, beinnar endurnotkunar eða annarrar notkunar.
 6. Enginn aðili skal heimila útflutning á kvikasilfri nema:
 - a) til aðila sem hefur látið aðilanum, sem er útflytjandi, í té skriflegt samþykki sitt og einungis:
 - i. til notkunar sem aðilanum, sem er innflytjandi, er heimil samkvæmt þessum samningi eða
 - ii. í umhverfsvæna bráðabirgðageymslu, eins og sett er fram í 10. gr., eða
 - b) til aðila, sem er ekki aðili að þessum samningi, sem hefur látið aðilanum, sem er útflytjandi, í té skriflegt samþykki sitt, þ.m.t. vottun þar sem sýnt er fram á að:
 - i. aðilinn, sem er ekki aðili að þessum samningi, hafi gert ráðstafanir til að tryggja vernd fyrir heilbrigði manna og umhverfið og til að tryggja að hann fari að ákvæðum 10. og 11. gr. og
 - ii. þess háttar kvikasilfur verði einungis notað eins og aðilanum er heimilt samkvæmt þessum samningi eða fari í umhverfsvæna bráðabirgðageymslu eins og sett er fram í 10. gr.
 7. Aðili, sem er útflytjandi, getur treyst á almenna tilkynningu aðilans, sem er innflytjandi, eða aðilans, sem er ekki aðili að þessum samningi, til skrifstofunnar sem skriflega samþykkið sem krafist er í 6. mgr. Í slíkri almennri tilkynningu skulu koma fram allir skilmálar og skilyrði fyrir því að aðili, sem er innflytjandi, eða aðili, sem er ekki aðili að þessum samningi, gefi samþykki sitt. Viðkomandi aðili eða aðili, sem er ekki aðili að þessum samningi, getur hvenær sem er afturkallað tilkynninguna. Skrifstofan skal halda opinbera skrá yfir allar slíkar tilkynningar.
 8. Enginn aðili skal heimila innflutning á kvikasilfri frá aðila, sem er ekki aðili að þessum samningi, sem hann kemur til með að gefa skriflegt samþykki sitt nema aðilinn, sem er ekki aðili að þessum samningi, hafi lagt fram vottun fyrir því að kvikasilfrið eigi sér ekki upptök sem eru tilgreind sem óleyfileg skv. 3. mgr. eða b-lið 5. mgr.
 9. Aðili, sem leggur fram almenna tilkynningu um samþykki skv. 7. mgr., getur ákveðið að beita ekki 8. mgr. að því tilskildu að hann viðhaldi alhliða höftum á útflutning kvikasilfurs og hafi gert innlendar ráðstafanir til að tryggja að innflutt kvikasilfur sé meðhöndlað á umhverfsvænan hátt.

- Aðilinn skal leggja tilkynningu um slíka ákvörðun fyrir skrifstofuna, þ.m.t. upplýsingar sem lýsa útflutningshöftum hans og innlendum stjórnvaldsráðstöfunum sem og upplýsingar um magn og upprunalönd kvikasilfurs sem flutt er inn frá aðilum sem ekki eru aðilar að þessum samningi. Skrifstofan skal halda opinbera skrá yfir allar slíkar tilkynningar. Framkvæmda- og eftirlitsnefndin skal endurskoða og meta allar slíkar tilkynningar og stuðningsupplýsingar, í samræmi við 15. gr., og henni er heimilt að leggja tilmæli fyrir ráðstefnu samningsaðila, eins og við á.
10. Málsmeðferðin, sem sett er fram í 9. mgr., skal vera tiltæk þangað til öðrum fundi ráðstefnu samningsaðila lýkur. Eftir það skal hún ekki tiltæk lengur, nema að því er varðar aðila sem hefur lagt fram tilkynningu skv. 9. mgr. áður en öðrum fundi ráðstefnu samningsaðila er lokið, nema ráðstefna samningsaðila taki ákvörðun um annað með einföldum meirihluta þeirra aðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði.
 11. Hver aðili skal láta koma fram í skýrslum sínum, sem lagðar eru fram skv. 21. gr., upplýsingar sem sýna að kröfur þessarar greinar hafi verið uppfylltar.
 12. Ráðstefna samningsaðila skal veita frekari leiðbeiningar á fyrsta fundi sínum að því er þessa grein varðar, einkum að því er varðar a-lið 5. mgr., 6. og 8. mgr., og skal þróa og samþykkja inntakið sem krafist er í vottuninni sem um getur í b-lið 6. mgr. og 8. mgr.
 13. Ráðstefna samningsaðila skal meta hvort viðskipti með tiltekin kvikasilfurssambönd stofni markmiðum þessa samnings í tvísýnu og taka til athugunar hvort tiltekin kvikasilfurssambönd ættu að falla undir 6. og 8. mgr. með því að skrá þau í viðbótarviðauka sem er samþykktur í samræmi við 27. gr.

4. gr.

Vörur með viðbættu kvikasilfri.

1. Hver aðili skal sjá til þess, með því að gera viðeigandi ráðstafanir, að framleiðsla, innflutningur eða útflutningur á vörum með viðbættu kvikasilfri, sem eru skráðar í I. hluta viðauka A, sé ekki heimilaður eftir tilgreinda tímasetningu þess að notkun á þessum vörum er hætt í áföngum nema undanþága sé tilgreind í viðauka A eða ef aðilinn er með skráða undanþágu skv. 6. gr.
2. Sem valkost við 1. mgr. er aðila heimilt að tilgreina, við fullgildingu eða þegar breytingar á viðauka A taka gildi að því er varðar viðkomandi aðila, að hann muni koma til framkvæmda öðrum ráðstöfunum eða stefnuáætlunum vegna vara sem eru skráðar í I. hluta viðauka A. Aðila er einungis heimilt að velja þennan valkost ef hann getur sýnt fram á að hann hafi þegar dregið úr, niður í algjört lágmark, framleiðslu, innflutningi og útflutningi á stærstum hluta varanna, sem eru skráðar í I. hluta viðauka A, og að hann hafi komið til framkvæmda ráðstöfunum eða stefnuáætlunum til að draga úr notkun kvikasilfurs í aðrar vörur sem eru ekki skráðar í I. hluta viðauka A þegar hann tilkynnir skrifstofunni um þá ákvörðun sína að nota þennan valkost. Auk þess skal aðili sem velur þennan valkost:
 - a) gefa ráðstefnu samningsaðila skýrslu við fyrsta tækifæri með lýsingu á þeim ráðstöfunum eða stefnuáætlunum sem komið var í framkvæmd, þ.m.t. mæling á þeirri skerðingu sem náðst hefur,
 - b) koma til framkvæmda ráðstöfunum eða stefnuáætlunum til að draga úr notkun kvikasilfurs í öllum vörum sem eru skráðar í I. hluta viðauka þar sem algjört lágmarksgildi hefur enn ekki náðst,
 - c) taka til athugunar viðbótarráðstafanir til að ná fram frekari skerðingu og
 - d) ekki teljast hæfur til að fara fram á undanþágur skv. 6. gr. fyrir neina vöruflokka sem þessi valkostur er valinn fyrir.

Eigi síðar en fimm árum eftir gildistökudag samningsins skal ráðstefna samningsaðila fara yfir framfarir og skilvirkni ráðstafana sem gripið er til samkvæmt þessari grein, sem hluta af endurskoðunarferlinu skv. 8. mgr.
3. Hver aðili skal gera ráðstafanir vegna vara með viðbættu kvikasilfri, sem eru skráðar í II. hluta viðauka A, í samræmi við ákvæðin sem þar eru sett fram.
4. Skrifstofan skal, á grundvelli upplýsinga sem aðilar leggja fram, safna upplýsingum um vörur með viðbættu kvikasilfri og aðra valkosti í stað þeirra og skal geyma þær og gera slíkar upp-

lýsingar aðgengilegar öllum. Skrifstofan skal einnig gera allar aðrar upplýsingar sem skipta máli, sem aðilar leggja fram, aðgengilegar öllum.

5. Hver aðili skal gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að vörur með viðbættu kvikasilfri, sem viðkomandi aðila er bannað að framleiða, flytja inn eða flytja út samkvæmt þessari grein, séu ekki felldar inn í samsettar vörur.
6. Hver aðili skal letja til framleiðslu og dreifingar í viðskiptaskyni á vörum með viðbættu kvikasilfri, sem falla ekki undir þekktu notkun á vörum með viðbættu kvikasilfri fyrir þann dag sem samningurinn tók gildi að því er varðar viðkomandi aðila, nema mat á áhættu og ávinningi af vörunni sýni fram á umhverfislegan ávinning eða ávinning fyrir heilbrigði manna. Aðili skal veita skrifstofunni upplýsingar, eins og við á, um allar slíkar vörur, þ.m.t. allar upplýsingar um áhættu og ávinning af vörunni fyrir umhverfið og heilbrigði manna. Skrifstofan skal gera þessar upplýsingar aðgengilegar öllum.
7. Öllum aðilum er heimilt að leggja tillögu fyrir skrifstofuna um að skrá vöru með viðbættu kvikasilfri í viðauka A, sem skal innihalda upplýsingar sem tengjast tiltækileika og framkvæmanleika í tæknilegu og efnahagslegu tilliti að því er varðar valkosti, sem innihalda ekki kvikasilfur, fyrir vöruna og áhættu og ávinning af þeim fyrir umhverfi og heilbrigði, að teknu tilliti til upplýsinga skv. 4. mgr.
8. Eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku dagsamningsins skal ráðstefna samningsaðila endurskoða viðauka A og henni er heimilt að taka til athugunar breytingar á þessum viðauka í samræmi við 27. gr.
9. Við endurskoðun á viðauka A skv. 8. mgr. skal ráðstefna samningsaðila a.m.k. taka tillit til:
 - a) allra tillagna sem eru lagðar fram skv. 7. mgr.,
 - b) upplýsinga sem gerðar eru aðgengilegar skv. 4. mgr. og
 - c) tiltækileika tækni- og efnahagslega mögulegra kvikasilfurslausra valkosta fyrir aðilana, að teknu tilliti til áhættu og ávinnings fyrir umhverfið og heilbrigði manna.

5. gr.

Framleiðsluferli sem í er notað kvikasilfur eða kvikasilfurssambönd.

1. Að því er varðar þessa grein og viðauka B skulu framleiðsluferli sem í er notað kvikasilfur eða kvikasilfurssambönd ekki fela í sér ferli sem í eru notaðar vörur með viðbættu kvikasilfri, ferli til að framleiða vörur með viðbættu kvikasilfri eða ferli til að meðhöndla úrgang sem inniheldur kvikasilfur.
2. Hver aðili skal sjá til þess, með því að gera viðeigandi ráðstafanir, að notkun á kvikasilfri eða kvikasilfurssamböndum í framleiðsluferlunum, sem eru skráðir í I. hluta viðauka B, sé ekki heimiluð eftir tilgreinda tímasetningu þess að notkun á einstökum ferlum er hætt í áföngum nema aðilinn sé með skráða undanþágu skv. 6. gr.
3. Hver aðili skal gera ráðstafanir til að takmarka notkun á kvikasilfri eða kvikasilfurssamböndum í ferlunum, sem eru skráðir í II. hluta viðauka B, í samræmi við ákvæðin sem þar eru sett fram.
4. Skrifstofan skal, á grundvelli upplýsinga sem aðilar leggja fram, safna upplýsingum um ferli sem í er notað kvikasilfur eða kvikasilfurssambönd og valkosti í stað þeirra og geyma þær og gera slíkar upplýsingar aðgengilegar öllum. Aðilunum er einnig heimilt að leggja fram aðrar viðeigandi upplýsingar og skrifstofan skal gera þær aðgengilegar öllum.
5. Hver aðili með eina starfsstöð eða fleiri, þar sem kvikasilfur eða kvikasilfurssambönd eru notuð í framleiðsluferlunum sem eru skráðir í viðauka B, skal:
 - a) gera ráðstafanir til að taka á losun og sleppingu kvikasilfurs eða kvikasilfurssambanda frá þessum starfsstöðvum,
 - b) láta koma fram í skýrslum sínum, sem eru lagðar fram skv. 21. gr., upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt þessari málsgrein og
 - c) leitast við að tilgreina starfsstöðvar innan yfirráðasvæðis síns þar sem kvikasilfur eða kvikasilfurssambönd eru notuð í ferlana sem eru skráðir í viðauka B og leggja fyrir skrifstofuna, eigi síðar en þremur árum eftir þann dag sem samningurinn tók gildi að því er varðar viðkomandi aðila, upplýsingar um fjölda og tegund slíkra starfsstöðva og áætlað, árlegt magn

- kvikasilfurs eða kvikasilfurssambanda sem er notað í þessum starfsstöðvum. Skrifstofan skal gera þessar upplýsingar aðgengilegar öllum.
6. Enginn aðili skal heimila notkun á kvikasilfri eða kvikasilfurssamböndum í starfsstöð sem var ekki til staðar fyrir þann dag sem samningurinn tók gildi að því er varðar viðkomandi aðila, þar sem framleiðsluferlin, sem eru skráð í viðauka B, eru notuð. Engar undanþágur skulu gilda um slíkar starfsstöðvar.
 7. Hver aðili skal letja til þróunar sérhverrar starfsstöðvar sem notar einhver önnur framleiðsluferli sem í eru notuð af ásetningu kvikasilfur eða kvikasilfurssambönd, sem var ekki til staðar fyrir þann dag sem samningurinn tók gildi, nema aðilinn geti sýnt ráðstefnu samningsaðila fram á það með fullnægjandi hætti að framleiðsluferlið hafi í för með sér verulegan ávinning fyrir umhverfi og heilbrigði og að aðrir tækni- og efnahagslega mögulegir kvikasilfurslausir valkostir, sem hafa í för með sér slíkan ávinning, séu ekki tiltækir.
 8. Aðilar eru hvattir til að skiptast á upplýsingum um nýja tækniþróun sem skiptir máli, tækni- og efnahagslega mögulega kvikasilfurslausa valkosti og hugsanlegar ráðstafanir og tækni til að draga úr og, ef mögulegt er, stöðva notkun á kvikasilfri og kvikasilfurssamböndum í framleiðsluferlunum, sem eru skráð í viðauka B, og losun og sleppingu kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda frá þeim.
 9. Öllum aðilum er heimilt að leggja fram tillögu um breytingu á viðauka B til að skrá framleiðsluferli sem kvikasilfur eða kvikasilfurssambönd eru notuð í. Hún skal innihalda upplýsingar sem tengjast tiltækileika, framkvæmanleika í tæknilegu og efnahagslegu tilliti og áhættu og ávinningi fyrir umhverfið og heilbrigði manna að því er varðar valkosti sem innihalda ekki kvikasilfur.
 10. Eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku dag samningsins skal ráðstefna samningsaðila endurskoða viðauka B og henni er heimilt að taka til athugunar breytingar á þessum viðauka í samræmi við 27. gr.
 11. Við alla endurskoðun á viðauka B, skv. 10. mgr., skal ráðstefna samningsaðila a.m.k. taka tillit til:
 - a) allra tillagna sem eru lagðar fram skv. 9. mgr.,
 - b) upplýsinga sem gerðar eru aðgengilegar skv. 4. mgr. og
 - c) tiltækileika tækni- og efnahagslega mögulegra kvikasilfurslausra valkosta fyrir aðilana, að teknu tilliti til áhættu og ávinnings fyrir umhverfi og heilbrigði.

6. gr.

Undanþágur sem veita má aðila að fenginni beiðni.

1. Öllum ríkjum eða svæðisstofnunum um efnahagssamvinnu er heimilt að skrá eina eða fleiri undanþágur frá tímasetningu þess að notkun er hætt í áföngum, sem eru skráðar í viðauka A og viðauka B, hér á eftir nefnt „undanþága“, með skriflegri tilkynningu til skrifstofunnar:
 - a) þegar viðkomandi gerist aðili að þessum samningi eða
 - b) ef um er að ræða vöru með viðbættu kvikasilfri, sem er bætt við með breytingu á viðauka A, eða framleiðsluferli sem í er notað kvikasilfur, sem er bætt við með breytingu á viðauka B; eigi síðar en þann dag sem viðkomandi breyting öðlast gildi fyrir aðilann.
 Öllum slíkum skráningum skal fylgja yfirlýsing þar sem þörf aðilans fyrir undanþáguna er útskýrð.
2. Undanþágu er annaðhvort hægt að skrá fyrir flokk, sem er skráður í viðauka A eða B, eða fyrir undirflokk sem er skilgreindur af ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu.
3. Hver aðili, sem er með eina undanþágu eða fleiri, skal tilgreindur í skrá. Skrifstofan skal koma skránni á fót, halda henni við og gera hana aðgengilega almenningi.
4. Skráin skal hafa að geyma:
 - a) skrá yfir aðila sem eru með eina undanþágu eða fleiri,
 - b) undanþágu eða undanþágur sem eru skráðar fyrir hvern aðila og
 - c) dagsetningu þegar viðkomandi undanþága fellur úr gildi.
5. Allar undanþágur skv. 1. mgr. skulu falla úr gildi fimm árum eftir viðkomandi tímasetningu þess að notkun er hætt í áföngum, sem er skráð í viðauka A eða B, nema aðili tilgreini styttra tímabil í skránni.

6. Ráðstefnu samningsaðila er heimilt, að beiðni aðila, að ákveða að framlengja undanþágu í fimm ár nema aðilinn fari fram á styttra tímabil. Þegar ráðstefna samningsaðila tekur ákvörðun skal hún taka tilhlýðilegt tillit til:
- skýrslu frá aðilanum þar sem rök eru færð fyrir þörfinni á því að framlengja undanþáguna og gerð grein fyrir aðgerðum sem hafa verið framkvæmdar og eru áætlaðar til að gera þörfina á framlengingu óþarfa eins fljótt og mögulegt er,
 - fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t. að því er varðar tiltækileika annarra vara og ferla sem eru laus við kvikasilfur eða sem fela í sér notkun á minna magni kvikasilfurs en undanþegna notkunin og
 - aðgerða sem eru áætlaðar eða verið að framkvæma til að láta í té umhverfisvæna og trausta geymslu kvikasilfurs og förgun kvikasilfursúrgangs.
- Einungis er heimilt að framlengja undanþágu einu sinni fyrir hverja vöru og hverja tímasetningu þess að notkun hennar sé hætt í áföngum.
7. Aðila er hvenær sem er heimilt að afturkalla undanþágu með skriflegri tilkynningu til skrifstofunnar. Afturköllun undanþágu skal taka gildi þann dag sem er tilgreindur í tilkynningunni.
8. Þrátt fyrir 1. mgr. er ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu óheimilt að skrá undanþágu eftir að fimm ár eru liðin frá tímasetningu þess að notkun er hætt í áföngum á viðkomandi vöru eða ferli sem er skráð í viðauka A eða B, nema einn eða fleiri aðilar séu ennþá skráðir fyrir undanþágu fyrir viðkomandi vöru eða ferli og hafi fengið undanþágu skv. 6. mgr. Í því tilviki er ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu heimilt, á þeim tímapiðum sem koma fram í a- og b-lið 1. mgr., að skrá undanþágu fyrir viðkomandi vöru eða ferli sem skal falla úr gildi tíu árum eftir viðkomandi tímasetningu þess að hætta notkuninni í áföngum.
9. Aðila er óheimilt að hafa undanþágu í gildi eftir 10 ár eftir tímasetningu þess að hætta í áföngum notkun vöru eða ferlis sem er skráð í viðauka A eða B.

7. gr.

Óvélvæddur og minni háttar gullnámugróftur.

- Ráðstafanirnar í þessari grein og í viðauka C skulu gilda um óvélvæddan og minni háttar gullnámugróft og vinnslu sem í er notuð kvikasilfurssamböndun (e. mercury amalgamation) til að vinna gull úr málmgrýti.
- Hver aðili sem er með óvélvæddan og minni háttar gullnámugróft og vinnslu, sem fellur undir þessa grein, á yferráðasvæði sínu skal gera ráðstafanir til að draga úr og, ef mögulegt er, stöðva notkun á kvikasilfri og kvikasilfurssamböndum í slík framleiðsluferli og vinnslu og losun og sleppingu kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda frá þeim.
- Hver aðili skal tilkynna skrifstofunni um það ef hann ákvarðar á einhverjum tímapiði að óvélvæddur og minni háttar gullnámugróftur og vinnsla á yferráðasvæði hans séu meira en óveruleg. Ef aðilinn ákvarðar slíkt skal hann:
 - semja landsbundna aðgerðaáætlun í samræmi við viðauka C og koma henni til framkvæmda,
 - leggja landsbundna aðgerðaáætlun sína fyrir skrifstofuna eigi síðar en þremur árum eftir þann dag sem samningurinn tók gildi að því er varðar viðkomandi aðila eða þremur árum eftir tilkynninguna til skrifstofunnar, hvort sem síðar verður, og
 - leggja fram yfirlit á þriggja ára fresti eftir það um framvindu sína við að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt þessari grein og fella þessi yfirlit inn í skýrslur sínar sem lagðar eru fram skv. 21. gr.
- Aðilum er heimilt að starfa saman og með viðeigandi milliríkjastofnunum og öðrum stofnunum, eins og við á, til að ná markmiðum þessarar greinar. Slíkt samstarf getur falið í sér:
 - þróun stefnuáætlana til að koma í veg fyrir að kvikasilfur eða kvikasilfurssambönd til notkunar í óvélvæddum og minni háttar gullnámugreftri og vinnslu fari afvega,
 - framtaksverkefni vegna menntunar, að vekja áhuga út á við og uppbyggingu á getu,
 - að stuðla að rannsóknum á annars konar aðferðum, sjálfbærum og án kvikasilfurs,
 - að veita tæknilega aðstoð og fjárhagsaðstoð,
 - samvinnu til aðstoðar við framfylgd skuldbindinga sinna samkvæmt þessari grein og

- f) notkun á leiðum, sem fyrir eru, til að skiptast á upplýsingum til að efla þekkingu, bestu starfsvenjur í umhverfismálum og annars konar tækni sem er umhverfislega, tæknilega, félagslega og fjárhagslega hagkvæm.

8. gr.

Losun.

1. Þessi grein varðar það að hafa stjórn á og, ef mögulegt er, að draga úr losun kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda, oft gefin upp sem „heildarmagn kvikasilfurs“, í andrúmsloft með ráðstöfunum til að hafa stjórn á losun frá punktupptökum sem falla innan upptakaflokkanna sem eru skráðir í viðauka D.
2. Að því er varðar þessa grein:
 - a) „losun“: losun kvikasilfurs eða kvikasilfurssambanda í andrúmsloft,
 - b) „upptök sem skipta máli“: upptök sem falla innan eins af upptakaflokkunum sem eru skráðir í viðauka D. Aðila er heimilt, ef hann kys að gera svo, að fastsetja viðmiðanir til að ákvarða upptök sem falla innan upptakaflokks sem er skráður í viðauka D svo fremi þessar viðmiðanir, í hvaða flokki sem er, taki til a.m.k. 75% af losuninni úr þeim flokki,
 - c) „ný upptök“: öll upptök sem skipta máli innan flokks, sem er skráður í viðauka D, sem smíði á eða veruleg breyting á hefst a.m.k. einu ári eftir dagsetningu:
 - i. gildistöku þessa samnings fyrir hlutaðeigandi aðila eða
 - ii. gildistöku breytingar á viðauka D, fyrir hlutaðeigandi aðila, sem veldur því að upptökin falla eingöngu vegna þeirrar breytingar undir ákvæði þessa samnings,
 - d) „veruleg breyting“: breyting á upptökum sem skipta máli sem leiðir til umtalsverðrar aukningar á losun, að undanskildum öllum breytingum á losun sem stafa af endurheimt aukaaufurðar. Það er aðilans að ákveða hvort breyting er veruleg eða ekki,
 - e) „upptök sem fyrir eru“: öll upptök sem skipta máli sem eru ekki ný upptök,
 - f) „viðmiðunarmörk fyrir losun“: mörk fyrir styrk, massa eða losunarhraða kvikasilfurs eða kvikasilfurssambanda, oft gefin upp sem „heildarmagn kvikasilfurs“, sem losna frá punktupptökum.
3. Aðili með upptök sem skipta máli skal gera ráðstafanir til að hafa stjórn á losun og er heimilt að semja landsáætlun þar sem settar eru fram þær ráðstafanir sem á að gera til að hafa stjórn á losun og markmið og niðurstöður sem búist er við. Allar áætlanir skulu lagðar fyrir ráðstefnu samningsaðila innan fjögurra ára frá gildistökuþegi samningsins fyrir viðkomandi aðila. Ef aðili þróar framkvæmdáætlun í samræmi við 20. gr. er honum heimilt að fella hana inn í áætlunina sem er samin samkvæmt þessari málsgrein.
4. Hver aðili skal, að því er varðar ný upptök hans, gera kröfu um notkun bestu, aðgengilegu tækni og bestu starfsvenja í umhverfismálum til að hafa stjórn á og, ef mögulegt er, draga úr losun eins fljótt og auðið er en eigi síðar en fimm árum eftir þann dag sem samningurinn tók gildi að því er varðar viðkomandi aðila. Aðila er heimilt að nota viðmiðunarmörk fyrir losun sem eru í samræmi við beitingu bestu, aðgengilegu tækni.
5. Hver aðili skal, að því er varðar upptök hans sem fyrir eru, koma einni af eftirtöldum ráðstöfunum eða fleiri í framkvæmd og fella hana eða þær inn í allar landsáætlanir, að teknu tilliti til landsaðstæðna og framkvæmanleika ráðstafananna í tæknilegu og efnahagslegu tilliti og viðráðanlegs kostnaðar, eins fljótt og auðið er en eigi síðar en tíu árum eftir þann dag sem samningurinn tók gildi að því er varðar viðkomandi aðila:
 - a) magnbundið markmið til að hafa stjórn á og, ef mögulegt er, að draga úr losun frá upptökum sem skipta máli,
 - b) viðmiðunarmörk fyrir losun til að hafa stjórn á og, ef mögulegt er, að draga úr losun frá upptökum sem skipta máli,
 - c) notkun á bestu, aðgengilegu tækni og bestu starfsvenjum í umhverfismálum til að hafa stjórn á losun frá upptökum sem skipta máli,
 - d) stefnuáætlun um að hafa stjórn á fleiri en einu mengunarefni sem hefði í för með sér sameiginlegan ávinning fyrir stjórnun á kvikasilfurlosun,
 - e) aðrar ráðstafanir til að draga úr losun frá upptökum sem skipta máli.

6. Aðilum er heimilt að beita sömu ráðstöfunum við öll upptök sem skipta máli og fyrir eru eða samþykkja aðrar ráðstafanir að því er varðar mismunandi upptakaflokka. Markmiðið skal vera að aðili beiti þessum ráðstöfunum til að ná viðunandi árangri við að draga úr losun með tímanum.
7. Hver aðili skal koma á fót skrá yfir losun frá upptökum sem skipta máli, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en fimm árum eftir þann dag sem samningurinn tók gildi að því er varðar viðkomandi aðila, og viðhalda skránni eftir það.
8. Ráðstefna samningsaðila skal, á fyrsta fundi sínum, samþykkja leiðbeiningar um:
 - a) bestu, aðgengilegu tækni og um bestu starfsvenjur í umhverfismálum, að teknu tilliti til hvers konar mismunar á nýjum upptökum og upptökum sem fyrir eru og þarfar á að lágmarka yfirfærslu áhrifa milli umhverfisþátta og
 - b) stuðning við aðila til að koma ráðstöfununum, sem settar eru fram í 5. mgr., í framkvæmd, einkum við að ákvarða markmið og við að fastsetja viðmiðunarmörk fyrir losun.
9. Ráðstefna samningsaðila skal, eins fljótt og auðið er, samþykkja leiðbeiningar um:
 - a) viðmiðanir sem aðilum er heimilt að þróa skv. b-lið 2. mgr.,
 - b) aðferðir til að taka saman skrár yfir losun.
10. Ráðstefna samningsaðila skal hafa leiðbeiningarnar, sem eru samdar skv. 8. og 9. mgr., í stöðugri endurskoðun og uppfæra þær eins og við á. Aðilar skulu taka tillit til leiðbeininganna við framkvæmd viðkomandi ákvæða þessarar greinar.
11. Hver aðili skal láta upplýsingar um framkvæmd sína á þessari grein koma fram í skýrslum sínum, sem eru lagðar fram skv. 21. gr., einkum upplýsingar sem varða ráðstafanir sem hann hefur gert í samræmi við 4. til 7. mgr. og skilvirkni ráðstafananna.

9. gr.

Slepping.

1. Þessi grein varðar það að hafa stjórn á og, ef mögulegt er, að draga úr sleppingu kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda, oft gefin upp sem „heildarmagn kvikasilfurs“, á land og í vatn frá punktupptökum, sem skipta máli, sem ekki er fjallað um í öðrum ákvæðum þessa samnings.
2. Að því er varðar þessa grein:
 - a) „slepping“: slepping kvikasilfurs eða kvikasilfurssambanda á land eða í vatn,
 - b) „upptök sem skipta máli“: öll punktupptök verulegrar sleppingar af mannavöldum sem skipta máli, sem aðili tilgreinir, sem ekki er fjallað um í öðrum ákvæðum þessa samnings,
 - c) „ný upptök“: öll upptök sem skipta máli, sem smíði á eða veruleg breyting á hefst a.m.k. einu ári eftir að samningur þessi tekur gildi fyrir hlutaðeigandi aðila,
 - d) „veruleg breyting“: breyting á upptökum sem skipta máli sem leiðir til umtalsverðrar aukningar á sleppingum, að undanskildum öllum breytingum á sleppingum sem stafa af endurheimt aukaafurðar. Það er aðilans að ákveða hvort breyting er veruleg eða ekki,
 - e) „upptök sem fyrir eru“: öll upptök sem skipta máli sem eru ekki ný upptök,
 - f) „viðmiðunarmörk fyrir sleppingu“: mörk fyrir styrk eða massa kvikasilfurs eða kvikasilfurssambanda, oft gefin upp sem „heildarmagn kvikasilfurs“, sem er sleppt frá punktupptökum.
3. Hver aðili skal, eigi síðar en þremur árum eftir þann dag sem samningurinn tók gildi að því er varðar viðkomandi aðila, og reglulega eftir það, ákvarða flokka punktupptakanna sem skipta máli.
4. Aðili með upptök sem skipta máli skal gera ráðstafanir til að hafa stjórn á sleppingu og er heimilt að semja landsáætlun þar sem þær ráðstafanir sem á að gera til að hafa stjórn á sleppingu, og þau markmið og niðurstöður sem vænst er, eru sett fram. Allar áætlanir skulu lagðar fyrir ráðstefnu samningsaðila innan fjögurra ára frá gildistökudegi samningsins fyrir viðkomandi aðila. Ef aðili þróa framkvæmdaáætlun í samræmi við 20. gr. er honum heimilt að fella hana inn í áætlunina sem er samin samkvæmt þessari málsgrein.
5. Ráðstafanirnar skulu fela í sér eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum, eins og við á:
 - a) viðmiðunarmörk fyrir sleppingu til að hafa stjórn á og, ef mögulegt er, draga úr sleppingu frá upptökum sem skipta máli,
 - b) notkun á bestu, aðgengilegu tækni og bestu starfsvenjum í umhverfismálum til að hafa stjórn á sleppingu frá upptökum sem skipta máli,

- c) stefnuáætlun um að hafa stjórn á fleiri en einu mengunarefni sem hefði í för með sér sam-
eiginlegan ávinning fyrir stjórnun á kvikasilfurssleppingu,
 - d) aðrar ráðstafanir til að draga úr sleppingu frá upptökum sem skipta máli.
6. Hver aðili skal koma á fót skrá yfir sleppingu frá upptökum sem skipta máli, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en fimm árum eftir þann dag sem samningurinn tók gildi að því er varðar viðkomandi aðila, og viðhalda skránni eftir það.
 7. Ráðstefna samningsaðila skal, eins fljótt og auðið er, samþykkja leiðbeiningar um:
 - a) bestu, aðgengilegu tækni og um bestu starfsvenjur í umhverfismálum, að teknu tilliti til hvers konar mismunar á nýjum upptökum og upptökum sem fyrir eru og þarfar á að lágmarka yfirfærslu áhrifa milli umhverfisþátta,
 - b) aðferðir til að taka saman skrár yfir sleppingu.
 8. Hver aðili skal láta upplýsingar um framkvæmd sína á þessari grein koma fram í skýrslum sínum, sem eru lagðar fram skv. 21. gr., einkum upplýsingar sem varða ráðstafanir sem hann hefur gert í samræmi við 3. til 6. mgr. og skilvirkni ráðstafananna.

10. gr.

Umhverfisvæn bráðabirgðageymsla á kvikasilfri, öðru en kvikasilfursúrgangi.

1. Þessi grein gildir um bráðabirgðageymslu á kvikasilfri og kvikasilfurssamböndum, eins og skilgreint er í 3. gr., sem falla ekki undir skilgreininguna á kvikasilfursúrgangi sem sett er fram í 11. gr.
2. Hver aðili skal gera ráðstafanir til að tryggja að bráðabirgðageymsla á þess háttar kvikasilfri og kvikasilfurssamböndum, sem eru ætluð til notkunar sem aðila er heimil samkvæmt þessum samningi, fari fram á umhverfisvænan hátt, að teknu tilliti til hvers konar leiðbeininga, og í samræmi við allar kröfur sem eru samþykktar skv. 3. mgr.
3. Ráðstefna samningsaðila skal samþykkja leiðbeiningar um umhverfisvæna bráðabirgðageymslu á þess háttar kvikasilfri og kvikasilfurssamböndum, að teknu tilliti til hvers konar leiðbeininga sem eru samdar samkvæmt Baselsamningnum um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra og annarra viðeigandi leiðbeininga. Ráðstefnu samningsaðila er heimilt að samþykkja kröfur um bráðabirgðageymslu í viðbótarviðauka við þennan samning í samræmi við 27. gr.
4. Aðilar skulu starfa saman, eins og við á, sín á milli og með viðeigandi milliríkjastofnunum og öðrum stofnunum, til að efla uppbyggingu á getu til umhverfisvænnar bráðabirgðageymslu á þess háttar kvikasilfri og kvikasilfurssamböndum.

11. gr.

Kvikasilfursúrgangur.

1. Viðeigandi skilgreiningar í Baselsamningnum um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra gilda, að því er varðar stofnanir Baselsamningsins, um úrgang sem fellur undir þennan samning. Aðilar að þessum samningi, sem eru ekki stofnanir Baselsamningsins, skulu nota þessar skilgreiningar sem leiðbeiningar að því er varðar úrgang sem fellur undir þennan samning.
2. Að því er varðar þennan samning merkir kvikasilfursúrgangur efni eða hluti:
 - a) sem samanstanda af kvikasilfri eða kvikasilfurssamböndum,
 - b) sem innihalda kvikasilfur eða kvikasilfurssambönd eða
 - c) sem eru mengaðir af kvikasilfri eða kvikasilfurssamböndum,
 í magni sem er umfram viðeigandi viðmiðunarmörk, sem ráðstefna samningsaðila skilgreinir á samræmdan hátt í samstarfi við viðeigandi stofnanir Baselsamningsins, sem er fargað eða sem ætlunin er að farga eða sem krafa er gerð um að sé fargað samkvæmt ákvæðum landslaga eða þessa samnings. Þessi skilgreining nær ekki yfir yfirborðsjarðveg, úrgangsgrjót og úrkast frá námugreftri, að undanskildum námugreftri sem er fyrst og fremst eftir kvikasilfri, nema þau innihaldi kvikasilfur eða kvikasilfurssambönd umfram viðmiðunarmörkin sem ráðstefna samningsaðila skilgreinir.
3. Hver aðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að kvikasilfursúrgangur sé:

- a) meðhöndlaður á umhverfissvænan hátt, að teknu tilliti til leiðbeininga sem eru samdar samkvæmt Baselsamningnum og í samræmi við kröfur sem ráðstefna samningsaðila skal samþykkja í viðbótarviðauka í samræmi við 27. gr. Við gerð krafna skal ráðstefna samningsaðila taka tillit til úrgangsstjórnunarreglna og -áætlana aðilanna,
 - b) einungis endurheimtur, endurunninn, endurnýttur eða endurnotaður beint til notkunar sem aðila er heimil samkvæmt þessum samningi eða til umhverfissvænnar förgunar skv. a-lið 3. mgr.,
 - c) að því er varðar stofnanir Baselsamningsins: ekki fluttur yfir alþjóðleg landamæri nema til förgunar á umhverfissvænan hátt í samræmi við þessa grein og umræddan samning. Við aðstæður þar sem Baselsamningurinn gildir ekki um flutning yfir landamæri skal aðili einungis leyfa slíka flutninga eftir að hafa tekið tillit til viðeigandi alþjóðlegra reglna, krafna og leiðbeininga.
4. Ráðstefna samningsaðila skal leitast við að hafa náð samstarf við viðkomandi stofnanir Baselsamningsins við endurskoðun og uppfærslu, eins og við á, á leiðbeiningunum sem um getur í a-lið 3. mgr.
 5. Aðilar eru hvattir að starfa saman og með viðeigandi milliríkjastofnunum og öðrum stofnunum, eins og við á, til að þróa og viðhalda hnattrænni, svæðisbundinni og landsbundinni getu til að meðhöndla kvikasilfursúrgang á umhverfissvænan hátt.

12. gr.

Menguð svæði.

1. Hver aðili skal leitast við að þróa viðeigandi stefnuáætlanir til að greina og meta svæði sem eru menguð af kvikasilfri eða kvikasilfurssamböndum.
2. Allar aðgerðir til að draga úr áhættu sem stafar af slíkum svæðum skulu framkvæmdar á umhverfissvænan hátt og innihalda, eftir því sem við á, mat á áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið af völdum kvikasilfurs eða kvikasilfurssambanda sem þau hafa að geyma.
3. Ráðstefna samningsaðila skal samþykkja leiðbeiningar um stjórnun mengaðra svæða sem geta innihaldið aðferðir og nálganir m.t.t. eftirfarandi:
 - a) að greina svæði og eiginleika þeirra,
 - b) að fá almenning til þátttöku,
 - c) að meta áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið,
 - d) valkosta til að stjórna áhættu sem stafar af menguðum svæðum,
 - e) mats á ávinningi og kostnaði og
 - f) fullgildingar á niðurstöðum.
4. Aðilar eru hvattir til að starfa saman við að þróa stefnuáætlanir og framkvæma aðgerðir til að greina, meta, forgangsraða, stjórna og, eins og við á, hreinsa menguð svæði.

13. gr.

Fjármagn og fjármagnskerfi.

1. Hver aðili skuldbindur sig til að láta í té fjármagn, eftir getu hvers og eins, til þeirra landsbundnu aðgerða sem er ætlað að koma þessum samningi til framkvæmda, í samræmi við landsbundna stefnu sína, forgang, skipulag og áætlanir. Slíkt fjármagn getur falið í sér innlenda fjármögnun með viðeigandi stefnumálum, þróunaráætlunum og landsbundnum fjárlögum og tvíhliða og marghliða fjármögnun, sem og aðild einkageirans.
2. Heildarárangur af framkvæmd aðila, sem eru þróunarlönd, á þessum samningi mun tengjast skilvirkri framkvæmd ákvæða þessarar greinar.
3. Hvatt er til notkunar á marghliða, svæðisbundnum og tvíhliða uppsprettum fjárhagslegrar og tæknilegrar aðstoðar, sem og til uppbyggingar á getu og tæknifyrfærslu, hið fyrsta til að efla og auka aðgerðir aðila, sem eru þróunarlönd, vegna kvikasilfurs, til að styðja þá við framkvæmd þessa samnings að því er varðar fjármagn, tækniadstoð og tæknifyrfærslu.
4. Aðilar skulu taka fullt tillit til sérstakra þarfa og sérstakra aðstæðna aðila, sem eru þróunarríki sem eru lítil eyríki eða lönd sem eru skemmt á veg komin í þróun, í aðgerðum sínum að því er varðar fjármögnun.

5. Hér með er komið á fót kerfi til að veita fjármagn á fullnægjandi, fyrirsjáanlegan og tímanlegan hátt. Kerfið er til að styðja aðila, sem eru þróunarlönd, og aðila með umbreytingarhagkerfi við að koma skuldbindingum sínum samkvæmt þessum samningi í framkvæmd.
6. Í kerfinu skal felast:
 - a) vörslusjóður Hnattræna umhverfisbótasjóðsins (e. *The Global Environment Facility Trust Fund*) og
 - b) sérstök alþjóðleg áætlun til stuðnings við uppbyggingu á getu og tækniástoð.
7. Vörslusjóður Hnattræna umhverfisbótasjóðsins skal leggja fram nýtt, fyrirsjáanlegt, fullnægjandi og tímanlegt fjármagn til að bera kostnað af stuðningi við framkvæmd þessa samnings, eins og ráðstefna samningsaðila hefur komið sér saman um. Að því er varðar þennan samning skal vörslusjóður Hnattræna umhverfisbótasjóðsins starfræktur undir leiðsögn ráðstefnu samningsaðila og skal vera ábyrgur gagnvart henni. Ráðstefna samningsaðila skal veita leiðbeiningar um allar stefnuáætlanir, stefnur, forgangsmál áætlana og aðgangsrétt að og nýtingu á fjármagni. Auk þess skal ráðstefna samningsaðila veita leiðbeiningar um viðmiðunarskrá yfir flokka starfsemi sem getur fengið stuðning vörslusjóðs Hnattræna umhverfisbótasjóðsins. Vörslusjóður Hnattræna umhverfisbótasjóðsins skal leggja fram fjármagn til að bera kostnað af samþykktum viðbótar-kostnaði við hnattrænan umhverfislegan ávinning og samþykktan heildarkostnað af tilteknum stuðningsáðgerðum.
8. Þegar vörslusjóður Hnattræna umhverfisbótasjóðsins leggur fram fjármagn vegna starfsemi skal hann taka tillit til mögulegrar kvikasilfursminnkunar vegna fyrirhugaðrar starfsemi miðað við kostnaðinn af henni.
9. Að því er varðar þennan samning verður áætlunin, sem um getur í b-lið 6. mgr., starfrækt undir leiðsögn ráðstefnu samningsaðila og skal vera ábyrg gagnvart henni. Ráðstefna samningsaðila skal ákveða á fyrsta fundi sínum umsjónarstofnun áætlunarinnar, sem skal vera stofnun sem fyrir er, og veita henni leiðbeiningar, þ.m.t. um tímalengd áætlunarinnar. Öllum aðilum og öðrum viðkomandi hagsmunaaðilum er boðið að leggja fjármagn í áætlunina að eigin vali.
10. Á fyrsta fundi ráðstefnu samningsaðila skulu ráðstefna samningsaðila og stofnanirnar, sem mynda kerfið, vera ásattar um fyrirkomulag til að koma ákvæðum málsgreinanna hér að framan í framkvæmd.
11. Ráðstefna samningsaðila skal, eigi síðar en á þriðja fundi sínum og reglulega eftir það, fara yfir umfang fjármögnunar, leiðbeiningar sem ráðstefna samningsaðila veitir stofnununum sem er falið að gera kerfið, sem er komið á fót samkvæmt þessari grein, starfhæft og skilvirkni þeirra og getu til að takast á við breytilegar þarfir aðila sem eru þróunarlönd og aðila með umbreytingarhagkerfi. Hún skal, á grundvelli slíkrar yfirferðar, grípa til viðeigandi áðgerða til að bæta skilvirkni kerfisins.
12. Öllum aðilum er boðið að leggja sitt af mörkum til kerfisins, eftir getu hvers og eins. Kerfið skal hvetja til þess að fjármagn sé veitt frá öðrum uppsprettum, þ.m.t. einkageirinn, og skal leitast við að virkja slíkt fjármagn í þá starfsemi sem það styður við.

14. gr.

Uppbygging á getu, tækniástoð og tækniyfirfærsla.

1. Aðilar skulu starfa saman, eftir getu hvers og eins, til að veita aðilum sem eru þróunarlönd, einkum aðilum sem eru lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun eða þróunarríki sem eru lítil eyríki, og aðilum með umbreytingarhagkerfi tímanlega og viðeigandi ástoð við uppbyggingu á getu og tækniástoð til að aðstoða þá við að koma skuldbindingum sínum samkvæmt þessum samningi í framkvæmd.
2. Til uppbyggingar á getu og tækniástoð skv. 1. mgr. og 13. gr. má nota svæðisbundið, undirsvæðisbundið og landsbundið fyrirkomulag, þ.m.t. svæðisbundnar og undirsvæðisbundnar miðstöðvar sem fyrir eru, aðrar marghliða og tvíhliða aðferðir og samvinnu, þ.m.t. samvinna með þátttöku einkageirans. Leita skal eftir samstarfi um aðra marghliða samninga um umhverfismál á sviði iðefna og úrgangs og samræmingar við þá til að auka skilvirkni tækniástoðar og veitingu hennar.

3. Aðilar sem eru þróuð ríki og aðrir aðilar skulu, eftir getu hvers og eins, með stuðningi einkageirans og annarra viðkomandi hagsmunaaðila eins og við á, stuðla að og auðvelda þróun, yfirfærslu og flæði og aðgengi að nýjustu valkostum í umhverfissvænni tækni til aðila sem eru þróunarlönd, einkum landa sem eru skemmst á veg komin í þróun, þróunarríkja sem eru lítil eyríki og aðila með umbreytingarhagkerfi, til að styrkja getu þeirra til að koma þessum samningi til framkvæmda á skilvirkan hátt.
4. Ráðstefna samningsaðila skal, eigi síðar en á öðrum fundi sínum og síðan reglulega eftir það og að teknu tilliti til framlagninga og skýrslna frá aðilum, þ.m.t. þær sem kveðið er á um í 21. gr., og upplýsinga sem aðrir hagsmunaaðilar leggja fram:
 - a) taka til athugunar upplýsingar um framtaksverkefni sem fyrir eru og framvindu sem orðið hefur í tengslum við aðra tækni,
 - b) taka til athugunar þarfir aðila, einkum aðila sem eru þróunarlönd, fyrir aðra tækni og
 - c) greina erfiðleika sem aðilar, einkum aðilar sem eru þróunarlönd, hafa staðið frammi fyrir við tækniyfifærslu.
5. Ráðstefna samningsaðila skal leggja fram tilmæli um það hvernig hægt er að efla enn frekar uppbyggingu á getu, tækniástoð og tækniyfifærslu samkvæmt þessari grein.

15. gr.

Framkvæmda- og eftirlitsnefnd.

1. Hér með er komið á fót kerfi, þ.m.t. nefnd sem undirnefnd ráðstefnu samningsaðila, til að stuðla að framkvæmd á öllum ákvæðum þessa samnings og fara yfir það hvort farið sé að ákvæðunum. Kerfið, þ.m.t. nefndin, skal vera til stuðnings og skal gefa sérstakan gaum að landsbundinni getu og aðstæðum hvers aðila fyrir sig.
2. Nefndin skal stuðla að framkvæmd á öllum ákvæðum þessa samnings og fara yfir það hvort farið sé að þeim. Nefndin skal bæði rannsaka einstök og kerfistengd mál m.t.t. framkvæmdar og reglu- fylgni og leggja tilmæli, eins og við á, fyrir ráðstefnu samningsaðila.
3. Nefndin skal skipuð 15 nefndarmönnum, sem aðilar tilnefna og ráðstefna samningsaðila kýs, að teknu tilhlýðilegu tilliti til jafnrar, landfræðilegrar dreifingar fulltrúa á grundvelli hinna fimm svæða Sameinuðu þjóðanna; fyrstu nefndarmennirnir skulu kosnir á fyrsta fundi ráðstefnu samningsaðila og eftir það í samræmi við starfsreglur sem ráðstefna samningsaðila samþykkir skv. 5. mgr.; nefndarmenn skulu búa yfir hæfni á sviði sem tengist þessum samningi og endurspeglja jafnvægi milli sérfræðilegrar þekkingar eins og við á.
4. Nefndinni er heimilt að taka málefni til athugunar á grundvelli:
 - a) skriflegrar framlagninga frá aðila sem varðar hans eigin reglufylgni,
 - b) landsskýrslna í samræmi við 21. gr. og
 - c) beiðna frá ráðstefnu samningsaðila.
5. Nefndin skal útfæra starfsreglur sínar sem eru með fyrirvara um samþykki á öðrum fundi ráðstefnu samningsaðilanna; ráðstefnu samningsaðila er heimilt að samþykkja frekari starfsskilmála fyrir nefndina.
6. Nefndin skal leita allra leiða til þess að samþykkja tilmæli sín með samhljóða samþykki. Hafi allar tilraunir til almenns samkomulags reynst árangurslausar og ef það hefur ekki náðst skulu slík tilmæli, sem síðasta úrræði, samþykkt með meirihlutaatkvæðum þriggja fjórðu hluta þeirra nefndarmanna sem eru viðstaddir og greiða atkvæði, á grundvelli ákvörðunarþærs meirihluta sem nemur tveimur þriðju hlutum nefndarmanna.

16. gr.

Heilbrigðisþættir.

1. Aðilar eru hvattir til að:
 - a) stuðla að þróun og framkvæmd stefnuáætlana og áætlana til að greina og vernda hópa sem eru í hættu, einkum viðkvæma hópa, og sem geta falið í sér samþykkt á heilbrigðisleiðbeiningum, á grundvelli vísinda, sem tengjast váhrifum frá kvikasilfri og kvikasilfurssamböndum, setningu markmiða um að draga úr váhrifum frá kvikasilfri, eftir því sem við á, og fræðslu til almennings með þátttöku lýðheilsugeirans og annarra geira sem hlut eiga að máli,

- b) stuðla að þróun og framkvæmd fræðslu- og forvarnaráætlana, á grundvelli vísinda, um váhrif í starfi frá kvikasilfri og kvikasilfurssamböndum,
 - c) stuðla að viðeigandi heilbrigðisþjónustu til forvarna, meðhöndlunar og umönnunar fyrir hópa sem verða fyrir áhrifum vegna váhrifa frá kvikasilfri eða kvikasilfurssamböndum og
 - d) koma á og styrkja, eins og við á, getu stofnana og sérfræðinga á heilbrigðissviði til forvarna, greiningar, meðhöndlunar og vöktunar á heilbrigðisáhættu sem tengist váhrifum frá kvikasilfri og kvikasilfurssamböndum.
2. Þegar ráðstefna samningsaðila tekur til athugunar málefni eða starfsemi sem tengjast heilbrigði skal hún:
- a) hafa samráð og samstarf við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, Alþjóðavinnumálastofnunina og aðrar viðkomandi milliríkjastofnanir, eins og við á, og
 - b) stuðla að samstarfi og upplýsingaskiptum við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, Alþjóðavinnumálastofnunina og aðrar viðkomandi milliríkjastofnanir, eins og við á.

17. gr.

Upplýsingaskipti.

1. Hver aðili skal stuðla að því að skipst sé á:
 - a) vísindalegum, tæknilegum, efnahagslegum og lagalegum upplýsingum sem varða kvikasilfur og kvikasilfurssambönd, þ.m.t. eiturefnafræðilegar upplýsingar, visteiturefnafræðilegar upplýsingar og upplýsingar um öryggi,
 - b) upplýsingum um skerðingu eða stöðvun á framleiðslu, notkun, losun og sleppingu kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda og viðskipti með þau,
 - c) upplýsingum um tæknilega og fjárhagslega hagkvæma valkosti fyrir:
 - i. vörur með viðbættu kvikasilfri,
 - ii. framleiðsluferla sem í er notað kvikasilfur eða kvikasilfurssambönd og
 - iii. starfsemi og ferla sem gefa frá sér eða sleppa kvikasilfri eða kvikasilfurssamböndum, þ.m.t. upplýsingar um áhættu fyrir heilbrigði og umhverfi og efnahagslegan og þjóðfélagslegan kostnað og ávinning af slíkum valkostum og
 - d) faraldsfræðilegum upplýsingum varðandi heilbrigðisáhrif sem tengjast váhrifum frá kvikasilfri og kvikasilfurssamböndum, í nánú samstarfi við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina og aðrar viðkomandi stofnanir, eins og við á.
2. Aðilum er heimilt að skiptast beint á upplýsingunum, sem um getur í 1. mgr., með milligöngu skrifstofunnar eða í samstarfi við aðrar viðkomandi stofnanir, þ.m.t. skrifstofur samninga um íðefni og úrgang, eins og við á.
3. Skrifstofan skal greiða fyrir samstarfi við upplýsingaskiptin, sem um getur í þessari grein, sem og við viðkomandi stofnanir, þ.m.t. skrifstofur marghliða samninga um umhverfismál og önnur alþjóðleg framtakverkefni. Auk upplýsinga frá aðilunum skulu þessar upplýsingar innihalda upplýsingar frá milliríkjastofnunum og frjálsum félagasamtökum, sem hafa sérfræðilega þekkingu á sviði kvikasilfurs, og frá landsbundnum og alþjóðlegum stofnunum með slíka sérfræðilega þekkingu.
4. Hver aðili skal tilnefna landsbundna miðstöð upplýsingaskipta samkvæmt þessum samningi, þ.m.t. að því er varðar samþykki aðila, sem eru innflytjendur, skv. 3. gr.
5. Að því er varðar þennan samning skal ekki líta á upplýsingar um heilbrigði og öryggi manna og umhverfið sem trúnaðarmál. Aðilar, sem skiptast á öðrum upplýsingum samkvæmt þessum samningi, skulu vernda allar trúnaðarupplýsingar samkvæmt gagnkvæmu samkomulagi.

18. gr.

Upplýsingar til almennings, vitundarvakning og fræðsla.

1. Hver aðili skal, eftir getu hvers og eins, stuðla að og auðvelda:
 - a) veitingu tiltækra upplýsinga til almennings um:
 - i. áhrif kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda á heilbrigði og umhverfi,
 - ii. önnur efni í stað kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda,
 - iii. málefni sem eru tilgreind í 1. mgr. 17. gr.,

- iv. niðurstöður úr rannsóknar-, þróunar- og vöktunaraðgerðum sínum skv. 19. gr. og
 - v. aðgerðum til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt þessum samningi,
 - b) fræðslu, þjálfun og almenningsvitund, sem tengjast áhrifum vegna váhrifa frá kvikasilfri og kvikasilfurssamböndum á heilbrigði manna og umhverfið, í samstarfi við viðkomandi milliríkjastofnanir og frjáls félagasamtök og viðkvæma hópa, eins og við á.
2. Hver aðili skal nota kerfi sem fyrir eru eða taka til athugunar að þróa kerfi, t.d. skrár yfir sleppingu og flutning mengunarefna, eftir atvikum, til að safna og miðla upplýsingum um áætlað árlegt magn aðilans af kvikasilfri og kvikasilfurssamböndum sem losnar, er sleppt eða er fargað með starfsemi manna.

19. gr.

Rannsókn, þróun og vöktun.

1. Aðilar skulu leitast við, að teknu tilliti til aðstæðna og getu hvers fyrir sig, að starfa saman við að þróa og bæta:
- a) skrár yfir notkun, neyslu og losun af mannavöldum á kvikasilfri og kvikasilfurssamböndum í andrúmsloft og sleppingu í vatn og á land,
 - b) smíði líkana og landfræðilega dæmigerða vöktun á magni kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda í viðkvæmum hópum og umhverfishólfum, þ.m.t. í lífverum s.s. fiskum, sjávarspendýrum, sæskjaldbököm og fuglum, sem og samstarf við söfnun og skipti á viðeigandi sýnum,
 - c) mat á áhrifum kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda á heilbrigði manna og umhverfið til viðbótar við félagsleg, efnahagsleg og menningarleg áhrif, einkum að því er varðar viðkvæma hópa,
 - d) samræmda aðferðafræði fyrir aðgerðirnar sem ráðist er í samkvæmt undirgreinum a, b og c,
 - e) upplýsingar um umhverfishringrásina (e. *environmental cycle*), flutning (þ.m.t. flutningur langar leiðir og ákoma), umbreytingu og afdrif kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda í mismunandi vistkerfum, að teknu tilhlýðilegu tilliti til greinarmunar á losun og sleppingu kvikasilfurs af mannavöldum og náttúrulegrar losunar og sleppingar og endurútleysingar (e. *remobilization*) kvikasilfurs frá fyrri ákomu,
 - f) upplýsingar um viðskipti og verslun með kvikasilfur og kvikasilfurssambönd og vörur með viðbættu kvikasilfri og
 - g) upplýsingar og rannsóknir á tæknilegum og efnahagslegum tiltækileika kvikasilfurslausra vara og ferla og um bestu, aðgengilegu tækni og bestu starfsvenjur í umhverfismálum til að draga úr og vakta losun og sleppingu kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda.
2. Aðilar skulu, eftir því sem við á, byggja á vöktunarnetum og rannsóknaráætlunum sem fyrir eru við þær aðgerðir sem eru tilgreindar í 1. mgr.

20. gr.

Framkvæmdaáætlanir.

1. Hverjum aðila er heimilt, í kjölfar frummats, að þróa og hrinda í framkvæmd framkvæmdaáætlun, að teknu tilliti til eigin aðstæðna innanlands, til að uppfylla skuldbindingarnar samkvæmt þessum samningi. Senda skal skrifstofunni allar slíkar áætlanir um leið og þær hafa verið þróaðar.
2. Hverjum aðila er heimilt að endurskoða og uppfæra framkvæmdaáætlun sína, að teknu tilliti til eigin aðstæðna innanlands og með hliðsjón af leiðbeiningum frá ráðstefnu samningsaðila og öðrum viðeigandi leiðbeiningum.
3. Þegar aðilar taka sér fyrir hendur starf skv. 1. og 2. mgr. skulu þeir hafa samráð við innlenda hagsmunaaðila til að auðvelda þróun, framkvæmd, endurskoðun og uppfærslu á framkvæmdaáætlunum sínum.
4. Aðilum er einnig heimilt að samræma svæðisbundnar áætlanir til að stuðla að framkvæmd þessa samnings.

21. gr.

Skýrslugjöf.

1. Hver aðili skal gefa ráðstefnu samningsaðila skýrslu, með milligöngu skrifstofunnar, um þær ráðstafanir sem hann hefur gert til að koma ákvæðum þessa samnings til framkvæmda og um skilvirkni slíkra ráðstafana og hugsanlega erfiðleika við að uppfylla markmið samningsins.
2. Hver aðili skal láta upplýsingarnar, sem kallað er eftir í 3., 5., 7., 8. og 9. gr. þessa samnings, koma fram í skýrslugjöf sinni.
3. Ráðstefna samningsaðila skal, á fyrsta fundi sínum, ákveða fresti og snið vegna skýrslugjafar sem aðilar eiga að fara eftir, að teknu tilliti til þess að æskilegt er að samræma skýrslugjöfina við aðra viðeigandi samninga um iðefni og úrgang.

22. gr.

Mat á skilvirkni.

1. Ráðstefna samningsaðila skal meta skilvirkni þessa samnings og hefjast handa eigi síðar en sex árum eftir gildistökudag samningsins og reglulega eftir það með því millibili sem hún ákveður sjálf.
2. Til að auðvelda matið skal ráðstefna samningsaðila, á fyrsta fundi sínum, hefjast handa við að koma á fyrirkomulagi til að útvega sér samanburðarhæf vöktunargögn um viðurvist og hreyfingu kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda í umhverfinu sem og um leitni að því er varðar magn kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda sem mælast í lífverum og viðkvæmum hópum.
3. Matið skal fara fram á grundvelli tiltækra vísindalegra, umhverfislegra, tæknilegra, fjárhagslegra og efnahagslegra upplýsinga, þ.m.t.:
 - a) skýrslur og aðrar vöktunarpplýsingar sem ráðstefnu samningsaðila er látið í té skv. 2. mgr.,
 - b) skýrslur sem eru lagðar fram skv. 21. gr.,
 - c) upplýsingar og tilmæli sem eru lögð fram skv. 15. gr. og
 - d) skýrslur og aðrar viðeigandi upplýsingar um virkni fyrirkomulags til fjárhagsaðstoðar, tækniyfifærslu og uppbyggingar á getu sem komið var á samkvæmt þessum samningi.

23. gr.

Ráðstefna samningsaðila.

1. Hér með er ráðstefnu samningsaðila komið á fót.
2. Framkvæmdastjóri Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna skal boða til fyrsta fundar ráðstefnu samningsaðila, eigi síðar en einu ári eftir gildistöku þessa samnings. Eftir það skulu reglubundnir fundir ráðstefnu samningsaðila haldnir með reglulegu millibili sem ráðstefnan ákveður.
3. Aukafundir ráðstefnu samningsaðila skulu haldnir á öðrum tímum, eftir því sem ráðstefnan kann að telja nauðsynlegt eða samkvæmt skriflegri beiðni einhvers aðila, að því tilskildu að innan sex mánaða frá því að skrifstofan sendir aðilunum beiðnina sé hún studd af a.m.k. þriðjungi aðilanna.
4. Ráðstefna samningsaðila skal, með samhljóða samþykki, vera ásátt um og samþykkja starfsreglur og fjárhagsreglur fyrir sig og allar undirnefndir sínar sem og fjárhagsákvæði, sem gilda um starfsemi skrifstofunnar, á fyrsta fundi sínum.
5. Ráðstefna samningsaðila skal stöðugt endurskoða framkvæmd þessa samnings og leggja mat á hana. Hún skal inna þau störf af hendi sem henni eru ætluð samkvæmt þessum samningi og í því skyni skal hún:
 - a) koma á fót þeim undirnefndum sem hún telur nauðsynlegar til framkvæmdar þessa samnings,
 - b) starfa með þar til bærum alþjóðastofnunum, milliríkjastofnunum og óopinberum stofnunum, eftir því sem við á,
 - c) endurskoða reglulega allar upplýsingar sem henni og skrifstofunni eru gerðar aðgengilegar skv. 21. gr.,
 - d) taka til athugunar öll tilmæli sem framkvæmda- og eftirlitsnefndin leggur fyrir hana,
 - e) taka til athugunar og grípa til hvers konar viðbótaraðgerða sem kunna að vera nauðsynlegar til að ná markmiðum þessa samnings og
 - f) endurskoða viðauka A og B skv. 4. og 5. gr.

6. Sameinuðu þjóðunum, sérstofnunum þeirra og Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni, sem og hverju því ríki sem ekki er aðili að þessum samningi, er heimilt að eiga áheyrnarfulltrúa á ráðstefnu samningsaðila. Hver stofnun eða aðili, hvort heldur hann er innlendur eða alþjóðlegur, opinber eða ekki, sem er hæfur til þess að vinna að málum sem falla undir þennan samning og hefur tilkynnt skrifstofunni að hann óski eftir því að eiga áheyrnarfulltrúa á ráðstefnu samningsaðila, getur fengið aðgang nema a.m.k. þriðjungur aðila hreyfi andmælum. Aðgangur og þátttaka áheyrnarfulltrúa skal falla undir þær starfsreglur sem ráðstefna samningsaðila hefur samþykkt.

24. gr.

Skrifstofa.

1. Skrifstofu samningsins er hér með komið á fót.
2. Hlutverk skrifstofunnar skal vera:
 - a) að undirbúa fundi ráðstefnu samningsaðila og undirnefnda hennar og veita þeim þjónustu eftir þörfum,
 - b) að auðvelda aðstoð, samkvæmt beiðni, við aðila, einkum aðila sem eru þróunarlönd og aðila með umbreytingarhagkerfi, við framkvæmd þessa samnings,
 - c) að samræma, eins og við á, við skrifstofur viðkomandi alþjóðastofnana, einkum annarra samninga um efni og úrgang,
 - d) að aðstoða aðila við skipti á upplýsingum sem tengjast framkvæmd þessa samnings,
 - e) að taka saman reglubundnar skýrslur á grundvelli upplýsinga sem berast skv. 15. og 21. gr. og annarra tiltækra upplýsinga og gera þær aðgengilegar fyrir aðilana,
 - f) að gera, undir leiðsögn ráðstefnu samningsaðila, þær stjórnunarlegu og samningsbundnu ráðstafanir sem kunna að reynast nauðsynlegar til að hún geti sinnt verkefnum sínum með skilvirkum hætti og
 - g) að annast önnur skrifstofustörf sem eru tilgreind í þessum samningi og önnur þau störf sem ráðstefna samningsaðila kann að ákveða.
3. Framkvæmdastjóri Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna skal annast skrifstofustörf fyrir þennan samning nema ráðstefna samningsaðila ákveði, með meirihlutaatkvæðum þriggja fjórðu hluta þeirra nefndarmanna sem eru viðstaddir og greiða atkvæði, að fela annarri alþjóðastofnun, einni eða fleiri, skrifstofustörfin.
4. Ráðstefnu samningsaðila er heimilt, að höfðu samráði við viðkomandi alþjóðastofnanir, að kveða á um aukið samstarf og samræmingu milli skrifstofunnar og skrifstofa annarra samninga um iðefni og úrgang. Ráðstefnu samningsaðila er heimilt, að höfðu samráði við viðkomandi alþjóðastofnanir, að veita frekari leiðbeiningar að því er þetta varðar.

25. gr.

Lausn deilumála.

1. Aðilar að þessum samningi skulu leitast við að leysa öll deilumál, sem kunna að rísa milli þeirra um túlkun eða beitingu þessa samnings, með samningaviðræðum eða eftir öðrum friðsamlegum leiðum að eigin vali.
2. Aðila, sem ekki er svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, er heimilt, þegar hann fullgildir, staðfestir eða samþykkir samninginn eða gerist aðili að honum eða hvenær sem er eftir það, að afhenda vörsluaðila skriflega yfirlýsingu um að rísi deila vegna túlkunar eða beitingar þessa samnings skuldbindi sá aðili sig til að hlíta annarri eða báðum eftirfarandi leiða til að leysa deiluna, svo fremi hinn deiluaðilinn geri það einnig:
 - a) að leggja hana fyrir gerðardóm í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í I. hluta viðauka E,
 - b) að vísa deilunni til Alþjóðadómstólsins í Haag.
3. Aðila, sem er svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, er heimilt að gefa yfirlýsingu, sem hefur svipuð áhrif með tilliti til gerðardómsmeðferðar, í samræmi við 2. mgr.
4. Yfirlýsing, sem gefin er skv. 2. eða 3. mgr., gildir þar til hún rennur út samkvæmt skilmálum hennar eða þar til þrjú mánuðir eru liðnir frá því að skrifleg tilkynning um afturköllun hennar er afhent vörsluaðila.

5. Gildislok yfirlýsingar, tilkynning um afturköllun eða ný yfirlýsing skulu ekki hafa nein áhrif á mál sem bíða úrlausnar fyrir gerðardómi eða Alþjóðadómstólnum nema deiluaðilar séu sammála um annað.
6. Hafi deiluaðilar ekki fallist á sömu leið við lausn deilumála skv. 2. eða 3. mgr. og hafi þeir ekki getað leyst deilu sína með þeim leiðum sem um getur í 1. mgr. innan tólf mánaða frá því að aðili tilkynnti öðrum aðila að deila væri risin milli þeirra skal deilan, að beiðni hvaða deiluaðila sem er, lögð fyrir sáttanefnd. Málsmeðferðin, sem sett er fram í II. hluta viðauka E, gildir um sátt samkvæmt þessari grein.

26. gr.

Breytingar á samningnum.

1. Sérhver aðili að þessum samningi getur lagt fram tillögur um breytingar á honum.
2. Breytingar á þessum samningi skulu samþykktar á fundi ráðstefnu samningsaðila. Skrifstofan skal senda aðilum texta sérhverrar breytingartillögu að minnsta kosti sex mánuðum fyrir fundinn þar sem tillagan er tekin til umfjöllunar. Skrifstofan skal einnig senda breytingartillöguna öllum þeim sem undirritað hafa þennan samning og einnig vörsluaðila, honum til upplýsingar.
3. Aðilar skulu leita allra leiða til að ná samkomulagi um allar tillögur að breytingum á þessum samningi með samhljóða samþykki. Hafi allar tilraunir til að ná almennu samkomulagi reynst árangurslausar og hafi ekkert samkomulag náðst skal tillagan, sem síðasta úrræði, samþykkt með meirihlutaatkvæðum þriggja fjórðu hluta þeirra aðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði.
4. Vörsluaðili skal senda öllum aðilum samþykktu breytingu til fullgildingar, staðfestingar eða samþykkis.
5. Vörsluaðila skal tilkynnt skriflega um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki breytingar. Breyting, sem hefur verið samþykkt í samræmi við 3. mgr., öðlast gildi, að því er varðar þá aðila sem hafa samþykkt að vera bundnir af henni, á nítugasta degi frá þeim degi þegar skjölin um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hafa verið afhent til vörslu af a.m.k. þremur fjórðu hlutum aðila sem voru aðilar þegar breytingin var samþykkt. Eftir það skal breytingin öðlast gildi, að því er alla aðra aðila varðar, á nítugasta degi eftir að viðkomandi aðili afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki breytingarinnar til vörslu.

27. gr.

Samþykki viðauka og breyting á þeim.

1. Viðaukar við þennan samning eru óaðskiljanlegur hluti hans og ef ekki er beinlínis kveðið á um annað telst tilvísun í samninginn jafnframt tilvísun til allra viðauka við hann.
2. Allir viðbótarviðaukar, sem eru samþykktir eftir gildistöku þessa samnings, skulu takmarkast við málsmeðferð og vísindaleg, tæknileg eða stjórnsýsluleg málefni.
3. Eftirfarandi málsmeðferð gildir um tillögu að, samþykki og gildistöku viðbótarviðauka við þennan samning:
 - a) viðbótarviðaukar skulu bornir upp og samþykktir samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 1.–3. mgr. 26. gr.,
 - b) hver sá aðili sem ekki getur samþykkt viðbótarviðauka skal tilkynna vörsluaðila það skriflega innan eins árs frá tilkynningu vörsluaðila um samþykki slíks viðbótarviðauka. Vörsluaðili skal tafarlaust tilkynna öllum aðilum um móttæknar tilkynningar. Aðila er heimilt, hvenær sem er, að tilkynna vörsluaðila skriflega um að hann afturkalli fyrri tilkynningu um að hann samþykki ekki tiltekinn viðbótarviðauka og öðlast viðaukinn þá gildi að því er þann aðila varðar, sbr. þó ákvæði c-liðar, og
 - c) að einu ári liðnu frá tilkynningu vörsluaðila um samþykki viðbótarviðauka skal viðaukinn öðlast gildi að því er varðar alla aðila sem hafa ekki lagt fram tilkynningu um að þeir samþykki hann ekki í samræmi við ákvæði b-liðar hér að framan.
4. Tillaga, samþykkt og gildistaka breytinga á viðaukum við þennan samning skulu falla undir sömu málsmeðferðarreglur og gilda um tillögu, samþykkt og gildistöku viðbótarviðauka við samninginn að því undanskildu að breytingar á viðauka skulu ekki öðlast gildi að því er varðar aðila sem hefur gefið yfirlýsingu varðandi breytingar á viðaukum í samræmi við 5. mgr. 30. gr.; í því

tilviki öðlast allar slíkar breytingar gildi að því er þann aðila varðar á nítugasta degi eftir þann dag sem hann lagði skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, að því er varðar slíka breytingu, fyrir vörsluaðila.

5. Ef viðbótarviðauki eða breyting á viðauka tengist breytingu á þessum samningi öðlast viðbótarviðaukinn eða breytingin ekki gildi fyrr en breytingin á samningnum öðlast gildi.

28. gr.

Réttur til að greiða atkvæði.

1. Hver aðili að þessum samningi skal hafa eitt atkvæði með þeirri undantekningu sem kveðið er á um í 2. mgr.
2. Í málum er falla undir valdsvið svæðisstofnunar um efnahagssamvinnu skal hún neyta atkvæðisréttar síns með þeim fjölda atkvæða sem nemur fjölda þeirra aðildarríkja stofnunarinnar sem eru aðilar að þessum samningi. Slík stofnun skal ekki neyta atkvæðisréttar síns ef eitthvert aðildarríki hennar neytir hans og öfugt.

29. gr.

Undirritun.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í Kumamoto í Japan af hálfu allra ríkja og svæðisstofnana um efnahagssamvinnu 10. og 11. október 2013 og eftir það í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til 9. október 2014.

30. gr.

Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild.

1. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki ríkja og svæðisstofnana um efnahagssamvinnu. Síðari aðild að honum af hálfu ríkja og svæðisstofnana um efnahagssamvinnu skal vera opin frá og með deginum eftir að fresti til undirritunar lýkur. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild skulu afhent vörsluaðila.
2. Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, sem gerist aðili að þessum samningi án þess að nokkurt aðildarríki hennar sé aðili að honum, skal vera bundin af öllum skuldbindingum samkvæmt samningnum. Þegar um er að ræða slíka stofnun, þar sem eitt eða fleiri aðildarríki eru aðilar að þessum samningi, taka stofnunin og aðildarríki hennar ákvörðun um ábyrgð hvers og eins með tilliti til þess að framkvæma skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum. Í slíkum tilvikum geta stofnunin og aðildarríkin ekki neytt réttar síns samkvæmt samningnum samtímis.
3. Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu skal í skjölum sínum um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild tilgreina hvert valdsvið þeirra nær í málefnum sem samningurinn nær til. Slík stofnun skal enn fremur tilkynna vörsluaðila, sem síðan tilkynnir það aðilum, ef veruleg breyting verður á valdsviði þeirra.
4. Hvert ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu er hvött til að senda skrifstofunni upplýsingar um ráðstafanir sínar til að koma samningnum til framkvæmda þegar það eða hún fullgildir hann, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að honum.
5. Í skjali sínu um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er hverjum aðila heimilt að lýsa því yfir, að því er þann aðila varðar, að hvers konar breytingar á viðauka skuli einungis öðlast gildi þegar aðilinn afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu.

31. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi á nítugasta degi frá þeim degi þegar fimmtugustu skjölin um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild voru afhent til vörslu.
2. Að því er varðar hvert ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, sem fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að þessum samningi eftir að fimmtugustu skjölin um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild voru afhent til vörslu, öðlast samningurinn gildi á nítugasta degi eftir að skjal viðkomandi ríkis eða svæðisstofnunar um efnahagssamvinnu um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild hefur verið afhent til vörslu.

3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. skal ekki líta svo á að skjal, sem svæðisstofnun um efnahags-samvinnu afhendir til vörslu, komi til viðbótar þeim skjölum sem aðildarríki stofnunarinnar afhenda til vörslu.

32. gr.

Fyrirvarar.

Óheimilt er að gera fyrirvara við samning þennan.

33. gr.

Uppsögn.

1. Aðili getur sagt upp aðild sinni að þessum samningi með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila hvenær sem er að þremur árum liðnum frá því að samningurinn öðlaðist gildi gagnvart honum.
2. Hver slík uppsögn öðlast gildi þegar eitt ár er liðið frá því að vörsluaðili tók við tilkynningu um uppsögn eða þann dag, að liðnu þessu ári, sem kann að vera tilgreindur í tilkynningu um uppsögn.

34. gr.

Vörsluaðili.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili samnings þessa.

35. gr.

Gildir textar.

Frumrit samnings þessa, en textar þess á arabísku, kínversku, ensku, frönsku, rússnesku og spænsku eru jafngildir, skal afhent vörsluaðila.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Kumamoto, Japan tíunda dag októbermánaðar, tvö þúsund og þrettán.

VIÐAUKI A
Vörur með viðbættu kvikasilfri.

Eftirfarandi vörur falla ekki undir þennan viðauka:

- a) vörur sem eru nauðsynlegar til almannavarna og hernaðarnota,
- b) vörur til rannsóknna, til kvörðunar á tækjabúnaði, til notkunar sem viðmiðunarstaðlar,
- c) ef mögulegur kvikasilfurslaus valkostur er ekki fyrir hendi til útskipta: rofar og raflíðar, kaldskautsflúrperur og flúrperur með utanáliggjandi rafskautum (CCFL og EEFL) í rafeinda-skjái og mælitæki,
- d) vörur sem eru notaðar við hefðbundnar vinnsluáðferðir eða trúarlegar hefðir og
- e) bóluefni sem innihalda þíómersal sem rotvarnarefni.

I. hluti: Vörur sem falla undir 1. mgr. 4. gr.

Vörur með viðbættu kvikasilfri	Framleiðsla, innflutningur eða útflutningur á vörunni skal ekki leyfður eftir þessa tímasetningu (tímasetning þess að notkun er hætt í áföngum)
Rafhlöður, að undanskildum sinksilfuroxíðhnapparafhlöðum með kvikasilfursinnihaldi sem nemur < 2% og sinklofthnapparafhlöðum (e. <i>button zinc air battery</i>) með kvikasilfursinnihaldi sem nemur < 2%	2020
Rofar og raflíðar, að undanskildum hárnákvæmum mælibrúm með háum rýmdar- og tapstuðlum og í fjarskiptatíðnirofum og -raflíðum með hárrí tíðni í vöktunar- og eftirlitstækjum sem innihalda ekki meira en 20 mg af kvikasilfri í hverri mælibró, hverjum rofa eða raflíða	2020
Sambyggðir flúrlampar (CFL) til almennrar lýsingar sem eru ≤ 30 vött með kvikasilfursinnihaldi yfir 5 mg á hvert ljósastæði	2020
Ílangar flúrperur (LFL) til almennrar lýsingar: <ol style="list-style-type: none"> a) Þrifosfór < 60 vött með kvikasilfursinnihaldi yfir 5 mg á hverja peru b) Halófosfatfosfór ≤ 40 vött með kvikasilfursinnihaldi yfir 10 mg á hverja peru 	2020
Háþrýstar kvikasilfursperur (HPMV) til almennrar lýsingar	2020
Kvikasilfur í kaldskautsflúrperum og flúrperum með utanáliggjandi rafskautum (CCFL og EEFL) í rafeindaskjá: <ol style="list-style-type: none"> a) stuttar (≤ 500 mm) með kvikasilfursinnihaldi yfir 3,5 mg á hverja peru b) meðallangar (> 500 mm og ≤ 1.500 mm) með kvikasilfursinnihaldi yfir 5 mg á hverja peru c) langar (> 1.500 mm) með kvikasilfursinnihaldi yfir 13 mg á hverja peru 	2020
Snyrtivörur (með kvikasilfursinnihaldi yfir 1 milljónarluta), þ.m.t. sápur og krem til að lýsa húð, að frátöldum snyrtivörum á augnsvæði, ef kvikasilfur er notað sem rotvarnarefni og engin skilvirk og örugg staðgöngurotvarnarefni eru fáanleg ^L	2020
Varnarefni, sæfiefni og sýklaeyðandi efni til staðbundinnar notkunar	2020
Eftirtalin órafræn mælitæki, að undanskildum órafrænum mælitækjum sem eru sett upp í stórum búnaði eða búnaði sem er notaður til hárnákvæmra mælinga, ef enginn kvikasilfurslaus valkostur er fáanlegur: <ol style="list-style-type: none"> a) loftvogir b) rakamælar c) þrýstingsmælar d) hitamælar e) blóðþrýstingsmælar 	2020

Ekki er ætlunin að telja með snyrtivörur, sápur eða krem með snefílaðskotaefni af kvikasilfri.

II. hluti: Vörur sem falla undir 3. mgr. 4. gr.

Vörur með viðbættu kvikasilfri	Ákvæði
Tannsilfur (e. <i>dental amalgam</i>)	<p>Ráðstafanir, sem aðili grípur til í því skyni að hætta notkun tannsilfurs í áföngum, skulu taka tillit til innlendra aðstæðna aðilans og viðeigandi alþjóðlegra leiðbeininga og þær skulu innihalda tvær eða fleiri ráðstafanir af eftirfarandi skrá:</p> <ol style="list-style-type: none"> i. að fastsetja landsbundin markmið sem miða að forvörnum gegn tannskemmdum og heilsueflingu og draga þar með, eins og frekast er kostur, úr þörf fyrir tannviðgerðir, ii. að fastsetja landsbundin markmið sem miða að því að lágmarka notkun þess, iii. að stuðla að notkun kostnaðarhagkvæmra og klínískt skilvirkra, kvikasilfurslausra valkosta til tannviðgerða, iv. að efla rannsóknir og þróun á kvikasilfurslausum gæðaeftum til tannviðgerða, v. að hvetja atvinnugreinasamtök og tannlæknaskóla til að mennta og þjálfa tannlækna og nemendur í notkun kvikasilfurslausra valkosta við tannviðgerðir og stuðla að bestu starfsvenjum í stjórnun, vi. að aftra tryggingasamningum og -áætlunum þar sem notkun á tannsilfri er tekin fram yfir tannviðgerðir án kvikasilfurs, vii. að hvetja til tryggingasamninga og -áætlana þar sem gæðavalkostir eru teknir fram yfir tannsilfur til tannviðgerða, viii. að notkun takmarkist við tannsilfur í hylkjum (e. <i>encapsulated form</i>), ix. að stuðla að notkun bestu starfsvenja í umhverfismálum á tannlæknastofum til að draga úr sleppingu kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda í vatn og á land.

VIÐAUKI B

Framleiðsluferli sem í er notað kvikasilfur eða kvikasilfurssambönd.

I. hluti: Ferli sem falla undir 2. mgr. 5. gr.

Framleiðsluferli með notkun kvikasilfurs eða kvikasilfurssambanda	Tímasetning þess að notkun er hætt í áföngum
Klóralkalíframleiðsla	2025
Asetaldeyhýðframleiðsla þar sem kvikasilfur eða kvikasilfurssambönd eru notuð sem hvati	2018

II. hluti: Ferli sem falla undir 3. mgr. 5. gr.

Ferli með notkun kvikasilfurs	Ákvæði
Vínýlklóríðeinliðuframleiðsla	Ráðstafanir sem aðilarnir eiga að gera skulu taka til en ekki takmarkast við eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> i. Draga úr notkun kvikasilfurs á hverja framleiðslueiningu um 50% fram til ársins 2020 miðað við notkun 2010. ii. Efla ráðstafanir til að draga úr því að treyst sé um of á kvikasilfur úr námugreftri sem er fyrst og fremst eftir kvikasilfri. iii. Gera ráðstafanir til að draga úr losun og sleppingu kvikasilfurs í umhverfið. iv. Styðja rannsóknir og þróun að því er varðar kvikasilfurslausa hvata og ferli. v. Heimila ekki notkun á kvikasilfri fimm árum eftir að ráðstefna sammingsaðila hefur ákveðið að kvikasilfurslausir hvatar, sem grundvallast á ferlum sem fyrir eru, séu orðnir tæknilega og efnahagslega mögulegir. vi. Gefa ráðstefnu sammingsaðila skýrslu um viðleitni sína til að þróa og/eða greina valkosti og hætta notkun kvikasilfurs í áföngum í samræmi við 21. gr.
Natríum- eða kalíummetýlat eða -etýlat	Ráðstafanir sem aðilarnir eiga að gera skulu taka til en ekki takmarkast við eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> i. Ráðstafanir til að draga úr notkun á kvikasilfri, sem miðar að því að hætta notkun þess í áföngum eins fljótt og auðið er og innan 10 ára frá gildistöku sammingsins. ii. Draga úr losun og sleppingu á hverja framleiðslueiningu um 50% fram til ársins 2020 miðað við notkun 2010. iii. Banna notkun á nýju kvikasilfri úr námugreftri sem er fyrst og fremst eftir kvikasilfri. iv. Styðja rannsóknir og þróun að því er varðar kvikasilfurslaus ferli. v. Heimila ekki notkun á kvikasilfri fimm árum eftir að ráðstefna sammingsaðila hefur ákveðið að kvikasilfurslausir ferlar séu orðnir tæknilega og efnahagslega mögulegir. vi. Gefa ráðstefnu sammingsaðila skýrslu um viðleitni sína til að þróa og/eða greina valkosti og hætta notkun kvikasilfurs í áföngum í samræmi við 21. gr.
Framleiðsla pólýúretans með notkun hvata sem innihalda kvikasilfur	Ráðstafanir sem aðilarnir eiga að gera skulu taka til en ekki takmarkast við eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> i. Gera ráðstafanir til að draga úr notkun á kvikasilfri, sem miðar að því að hætta notkun þess í áföngum eins fljótt og auðið er, innan 10 ára frá gildistöku sammingsins. ii. Gera ráðstafanir til að draga úr því að treyst sé um of á kvikasilfur úr námugreftri sem er fyrst og fremst eftir kvikasilfri. iii. Gera ráðstafanir til að draga úr losun og sleppingu kvikasilfurs í umhverfið. iv. Efla rannsóknir og þróun að því er varðar kvikasilfurslausa hvata og ferli. v. Gefa ráðstefnu sammingsaðila skýrslu um viðleitni sína til að þróa og/eða greina valkosti og hætta notkun kvikasilfurs í áföngum í samræmi við 21. gr. Ákvæði 6. mgr. 5. gr. gilda ekki um þetta framleiðsluferli.

VIÐAUKI C
Óvélvæddur og minni háttar gullnámugróftur.

Landsbundnar aðgerðaáætlanir:

1. Hver aðili sem fellur undir ákvæði 3. mgr. 7. gr. skal láta koma fram í landsbundinni aðgerðaáætlun sinni:
 - a) landsbundin markmið og skerðingarmarkmið,
 - b) aðgerðir til að stöðva:
 - i. blöndun óunnins málmgrýtis,
 - ii. opna brennslu amalgams eða unnins amalgams,
 - iii. brennslu amalgams í íbúðarbyggð og
 - iv. útskolun sýaníðs í seti, málmgrýti eða úrkasti, sem kvikasilfri hefur verið bætt í, án þess að fjarlægja kvikasilfrið fyrst;
 - c) ráðstafanir til að stuðla að myndun geira óvélvædds og minni háttar gullnámugraftrar eða setningu reglna um hann,
 - d) grunnviðmiðunarmat á magni kvikasilfurs sem er notað og aðferðum sem notaðar eru við óvélvæddan og minni háttar gullnámugróft og -vinnslu á yfirráðasvæði hans,
 - e) stefnuáætlanir til að stuðla að skerðingu á losun og sleppingu kvikasilfurs og váhrifum frá því í óvélvæddum og minni háttar gullnámugreftri og -vinnslu, þ.m.t. aðferðir án kvikasilfurs,
 - f) stefnuáætlanir til að stjórna viðskiptum og koma í veg fyrir að kvikasilfur og kvikasilfurs-sambönd, bæði frá erlendum og innlendum upptökum, til að nota í óvélvæddan og minni háttar gullnámugróft og vinnslu fari afvega,
 - g) stefnuáætlanir til að fá hagsmunaaðila með í framkvæmd og áframhaldandi þróun á landsbundinni aðgerðaáætlun,
 - h) lýðheilsustefnu um váhrif frá kvikasilfri á námumenn í óvélvæddum og minni háttar gullnámugreftri og á samfélag þeirra. Slík stefnuáætlun skal m.a. innihalda söfnun á heilbrigðisgögnum, þjálfun fyrir heilbrigðisstarfsfólk og vitundarvakningu með milligöngu heilbrigðisstofnana,
 - i) stefnuáætlanir til að koma í veg fyrir váhrif frá kvikasilfri, sem er notað í óvélvæddum og minni háttar gullnámugreftri, á viðkvæma hópa, einkum börn og konur á barneignaraldri, aðallega þungaðar konur,
 - j) stefnuáætlanir til að veita námumönnum í óvélvæddum og minni háttar gullnámugreftri og samfélagi þeirra upplýsingar og
 - k) áætlun um framkvæmd landsbundinnar aðgerðaáætlunar.
2. Hverjum aðila er heimilt að fella viðbótarstefnuáætlanir inn í landsbundna aðgerðaáætlun sína til að ná markmiðum sínum, þ.m.t. notkun eða innleiðing á kröfum fyrir kvikasilfursslausan, óvélvæddan og minni háttar gullnámugróft og markaðstengd kerfi eða markaðstæki.

VIÐAUKI D
Skrá yfir punktuþtök losunar á kvikasilfri og kvikasilfurssamböndum í andrúmsloft.

Flokkur punktuþtaka:

Kolakynt orkuver.

Kolakyntir katlar í iðnaði.

Bræðslu- og brennsluferli sem eru notuð við framleiðslu á járnlausum málmum^{1/}.

Úrgangsbrennslustöðvar.

Framleiðslustöðvar fyrir sementsgjall.

^{1/} Að því er varðar þennan viðauka á „járnlausir málmar“ við um blý, sink, kopar og iðnaðargull.

VIÐAUKI E
Gerðardóms- og sáttameðferð.

I. hluti: Málsmeðferð gerðardóms.

Að því er varðar a-lið 2. mgr. 25. gr. þessa samnings skal málsmeðferð gerðardóms vera sem hér segir:

1. gr.

1. Aðila er heimilt að hefja mál fyrir gerðardómi, í samræmi við 25. gr. þessa samnings, með skriflegri tilkynningu sem er beint til hins aðilans eða hinna aðilanna að deilunni. Tilkynningunni skal fylgja yfirlit yfir kröfur ásamt öllum fylgiskjölum. Í slíkri tilkynningu skal tilgreina viðfangs-efni gerðardómsins og hún skal einkum innihalda þær greinar þessa samnings sem deilt er um túlkun eða beitingu á.
2. Málshöfðandi skal tilkynna skrifstofunni um það að hann hafi vísað deilu til gerðardóms skv. 25. gr. þessa samnings. Tilkynningunni skulu fylgja skrifleg tilkynning málshöfðanda, yfirlit yfir kröfur og fylgiskölin sem um getur í 1. mgr. hér að framan. Skrifstofan skal áframsenda öllum aðilum þær upplýsingar sem henni berast með fyrrgreindum hætti.

2. gr.

1. Ef deilu er vísað til gerðardóms í samræmi við 1. mgr. hér að framan skal koma á fót gerðardómi. Hann skal skipaður þremur mönnum.
2. Hvor deiluaðili skal skipa einn gerðardómsmann og þeir tveir sem þannig eru skipaðir gera með sér samkomulag um að tilnefna þriðja gerðardómsmann sem formann dómstólsins. Ef deila stendur milli fleiri en tveggja aðila skulu þeir aðilar sem hafa sömu hagsmuna að gæta gera með sér samkomulag um að tilnefna einn gerðardómsmann sameiginlega. Formaður dómstólsins skal ekki vera ríkisborgari í landi deiluaðila eða vera að jafnaði búsettur á landsvæði deiluaðila, vera starfsmaður hans eða hafa komið að málinu með öðrum hætti.
3. Ófyllt skarð skal fylla með þeim hætti sem er lýst varðandi upphaflegu skipunina.

3. gr.

1. Skipi deiluaðili ekki gerðardómsmann innan tveggja mánaða frá þeim degi sem aðilinn sem stefnt var veitir tilkynningunni um gerðardóminn viðtöku er mótaðila heimilt að tilkynna aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um það, sem skal annast tilnefninguna innan tveggja mánaða þaðan í frá.
2. Hafi formaður gerðardóms ekki verið tilnefndur innan tveggja mánaða frá þeim degi sem seinni gerðardómismaðurinn var skipaður skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, að beiðni aðila, tilnefna formanninn innan tveggja mánaða þaðan í frá.

4. gr.

Ákvarðanir gerðardóms skulu liggja fyrir í samræmi við ákvæði þessa samnings og alþjóðalög.

5. gr.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur nema deiluaðilar ákveði annað sameiginlega.

6. gr.

Gerðardómi er heimilt, að beiðni eins deiluaðila, að leggja til nauðsynlegar, tímabundnar verndar-ráðstafanir.

7. gr.

Deiluaðilar skulu auðvelda störf gerðardómsins og skulu einkum, með því að beita öllum tiltækum ráðum:

- a) útvega honum öll viðeigandi gögn, upplýsingar og aðstöðu og
- b) gera honum kleift, ef nauðsyn krefur, að kalla til vitni eða sérfræðinga og veita vitnisburði þeirra viðtöku.

8. gr.

Sú skylda hvílir á deiluaðilum og gerðardómsmönnum að standa vörð um leynd upplýsinga eða gagna, sem þeir hafa veitt móttöku í trúnaði, meðan málsmeðferð stendur yfir fyrir gerðardómi.

9. gr.

Deiluaðilar skulu deila kostnaði vegna gerðardómsins jafnt sín á milli, nema gerðardómurinn ákveði annað vegna sérstakra aðstæðna í málinu. Gerðardómurinn skal færa allan kostnað, sem hann leggur í, til bókar og afhenda aðilunum lokakostnaðaruppgjör.

10. gr.

Aðila sem á lagalegra hagsmuna að gæta að því er efni deilunnar varðar, sem ákvörðun getur haft áhrif á, er heimilt að hafa afskipti af meðferð málsins með samþykki gerðardómsins.

11. gr.

Gerðardómurinn getur hlýtt á málflutning og tekið ákvarðanir um gagnkröfur sem eru beinlínis byggðar á deiluefninu.

12. gr.

Ákvarðanir gerðardómsins um málsmeðferð og efnisatriði skulu teknar með einföldum meirihluta gerðardómsmanna.

13. gr.

1. Komi deiluaðili ekki fyrir gerðardóminn eða haldi ekki uppi vörnum fyrir málstað sinn getur mótaðilinn farið þess á leit við gerðardóminn að hann haldi málsmeðferð áfram og taki ákvörðun sína. Ef aðili er fjarverandi, eða ef aðili heldur ekki uppi vörnum í máli sínu, skal það ekki koma í veg fyrir meðferð málsins.
2. Áður en gerðardómurinn tekur endanlega ákvörðun skal hann ganga úr skugga um að krafan sé á rökum reist í reynd og að lögum.

14. gr.

Gerðardómur skal taka endanlega ákvörðun sína innan fimm mánaða frá þeim degi þegar hann er fullskipaður nema hann telji nauðsynlegt að lengja þann frest en ekki lengur en um fimm mánuði til viðbótar.

15. gr.

Endanleg ákvörðun gerðardóms skal takmarkast við deiluefnið og tilgreina skal ástæðurnar sem lagðar voru til grundvallar. Þar skulu koma fram nöfn gerðardómsmanna sem þátt tóku og dagsetning endanlegrar ákvörðunar. Sérhverjum gerðardómsmanni er heimilt að láta sjálfstæða skoðun sína eða sérálit fylgja endanlegri ákvörðun.

16. gr.

Endanleg ákvörðun er bindandi fyrir deiluaðila. Sú túlkun á þessum samningi sem fram kemur í endanlegri ákvörðun skal einnig vera bindandi fyrir aðila sem hefur afskipti af henni skv. 10. gr. hér að framan að því marki sem hún tengist þeim málefnum sem afskipti aðilans vörðuðu. Endanlegri ákvörðun skal ekki áfrýjað nema deiluaðilar hafi sammælt fyrir fram um áfrýjunarmeðferð.

17. gr.

Ágreiningi sem kann að koma upp milli þeirra sem eru bundnir af endanlegri ákvörðun í samræmi við 16. gr. hér að framan, að því er varðar túlkun eða með hvaða hætti þessi endanlega ákvörðun kemur til framkvæmda, má vísa, af hverjum þeirra sem er, til úrlausnar hjá gerðardómnum sem tók ákvörðunina.

II. hluti: Sáttameðferð.

Sáttameðferð, að því er varðar 6. mgr. 25. gr. þessa samnings, skal vera sem hér segir:

1. gr.

Beiðni aðila að deilu um að koma á fót sáttanefnd, skv. 6. mgr. 25. gr. þessa samnings, skal lögð skriflega fyrir skrifstofuna ásamt afriti fyrir hinn aðilann eða hina aðilana að deilunni. Skrifstofan skal þegar í stað upplýsa alla aðila um þetta.

2. gr.

1. Sáttanefndin skal skipuð þremur nefndarmönnum, nema deiluaðilar komi sér saman um annað, einn tilnefndan af hvorum aðila sem á í hlut ásamt formanni sem þessir nefndarmenn velja í sameiningu.
2. Ef deila stendur milli fleiri en tveggja aðila skulu þeir aðilar sem hafa sömu hagsmuna að gæta gera með sér samkomulag um að tilnefna sinn nefndarmann sameiginlega.

3. gr.

Hafi deiluaðilar ekki gengið frá tilnefningu innan tveggja mánaða frá því að skrifstofan tók við skriflegu beiðninni, sem um getur í 1. gr. hér að framan, skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, að beiðni aðila, annast slíka tilnefningu innan tveggja mánaða þaðan í frá.

4. gr.

Hafi val formanns sáttanefndarinnar ekki farið fram innan tveggja mánaða frá því að seinni nefndarmaðurinn var skipaður skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, að beiðni hvaða deiluaðila sem er, tilnefna formann innan tveggja mánaða þaðan í frá.

5. gr.

Sáttanefndin skal aðstoða deiluaðila, með óháðum og óhlutdrægum hætti, við tilraun sína til að ná friðsamlegri lausn.

6. gr.

1. Sáttanefndinni er heimilt að haga sáttameðferðinni á þann hátt sem hún telur viðeigandi, að teknu fullu tilliti til aðstæðna í málinu og þeirra sjónarmiða sem deiluaðilar kunna að láta í ljós, þ.m.t. allar beiðnir um skjóta úrlausn. Henni er heimilt að samþykkja eigin starfsreglur eins og nauðsyn krefur nema aðilar komi sér saman um annað.
2. Sáttanefndinni er heimilt, hvenær sem er meðan á málsmeðferð stendur, að leggja fram tillögu eða tilmæli til lausnar deilunni.

7. gr.

Deiluaðilar skulu starfa með sáttanefndinni. Þeir skulu einkum leitast við að fara að beiðnum nefndarinnar um framlagningu skriflegs efnis, leggja fram sönnunargögn og sækja fundi. Sú skylda hvílir á aðilum og nefndarmönnum í sáttanefnd að standa vörð um leynd upplýsinga eða gagna, sem þeir hafa veitt móttöku í trúnaði, meðan málsmeðferð stendur yfir fyrir nefndinni.

8. gr.

Ákvarðanir sáttanefndarinnar skulu teknar með einföldum meirihluta atkvæða nefndarmanna.

9. gr.

Sáttanefndin skal skila skýrslu með tilmælum um lausn deilunnar, nema deilan hafi þegar verið leyst, eigi síðar en tólf mánuðum eftir að hún er fullskipuð, sem deiluaðilar skulu taka til athugunar í góðri trú.

10. gr.

Komi upp ágreiningur um hvort sáttanefndin sé til þess hæf að taka málefni, sem vísað er til hennar, til athugunar skal nefndin leysa þennan ágreining sjálf.

11. gr.

Aðilar að deilunni skulu deila kostnaði vegna sáttanefndarinnar jafnt sín á milli nema þeir komi sér saman um annað. Nefndin skal færa allan kostnað, sem hún leggur í, til bókar og afhenda aðilunum lokakostnaðaruppgjör.

**MINAMATA CONVENTION
ON MERCURY**

The Parties to this Convention,

Recognizing that mercury is a chemical of global concern owing to its long-range atmospheric transport, its persistence in the environment once anthropogenically introduced, its ability to bioaccumulate in ecosystems and its significant negative effects on human health and the environment,

Recalling decision 25/5 of 20 February 2009 of the Governing Council of the United Nations Environment Programme to initiate international action to manage mercury in an efficient, effective and coherent manner,

Recalling paragraph 221 of the outcome document of the United Nations Conference on Sustainable Development “The future we want”, which called for a successful outcome of the negotiations on a global legally binding instrument on mercury to address the risks to human health and the environment,

Recalling the United Nations Conference on Sustainable Development’s reaffirmation of the principles of the Rio Declaration on Environment and Development, including, inter alia, common but differentiated responsibilities, and acknowledging States’ respective circumstances and capabilities and the need for global action,

Aware of the health concerns, especially in developing countries, resulting from exposure to mercury of vulnerable populations, especially women, children, and, through them, future generations,

Noting the particular vulnerabilities of Arctic ecosystems and indigenous communities because of the biomagnification of mercury and contamination of traditional foods, and concerned about indigenous communities more generally with respect to the effects of mercury,

Recognizing the substantial lessons of Minamata Disease, in particular the serious health and environmental effects resulting from the mercury pollution, and the need to ensure proper management of mercury and the prevention of such events in the future,

Stressing the importance of financial, technical, technological, and capacity-building support, particularly for developing countries, and countries with economies in transition, in order to strengthen national capabilities for the management of mercury and to promote the effective implementation of the Convention,

Recognizing also the activities of the World Health Organization in the protection of human health related to mercury and the roles of relevant multilateral environmental agreements, especially the Basel Convention on the Control of Transboundary Movements of Hazardous Wastes and Their Disposal and the Rotterdam Convention on the Prior Informed Consent Procedure for Certain Hazardous Chemicals and Pesticides in International Trade,

Recognizing that this Convention and other international agreements in the field of the environment and trade are mutually supportive,

Emphasizing that nothing in this Convention is intended to affect the rights and obligations of any Party deriving from any existing international agreement,

Understanding that the above recital is not intended to create a hierarchy between this Convention and other international instruments,

